# FRÉTTABLAÐIÐ

171. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 25. JÚLÍ 2019


## Ekki strandar á kaupverðinu

**VIÐSKIPTI** „Lausir endar í viðskiptum Michele Ballarin við þrotabú WOW air tengjast einkum umfangi þeirra eigna sem samningarnir taka til," segir Páll Ágúst Ólafsson, lögmaður Michele Ballarin. Hann segir að ekki strandi á umsömdu kaupverði þótt nauðsynlegt sé að greiða úr lausum endum og þess vegna sé greiðsluferlinu ekki lokið.

Fréttablaðið greindi frá því í síðustu viku að gengið hafi verið frá kaupum á eignum þrotabúsins sem tengjast flugrekstri til bandarískra aðila. Í fréttinni var haft eftir öðrum skiptastjóra þrotabúsins að uppsett verð hafi verið greitt fyrir eignirnar.

Páll Ágúst Ólafsson.

Í umfjöllun um málið í Morgunblaðinu í gær er vísað til ónafngreindra heimilda um að kaupverðið hafi enn ekki verið greitt.

Páll Ágúst segir að samningarnir séu fleiri en einn og að einungis hafi komið upp efasemdir um innihald eins þeirra. Það hafi leitt til kröfu kaupanda um áreiðanleikakönnun. Samskiptin við forsvarsmenn þrotabúsins séu engu að síður góð og lausnamiðuð. **– aá**

## Fer ófögrum orðu m um Svein Andra

**DÓMSMÁL** Skúli Gunnar Sigfússon, kenndur við Subway, segir Svein Andra Sveinsson lögmann hafa tæmt þrotabú EK 1923 í störfum sínum sem skiptastjóri félagsins. Skúli fer ófögrum orðum um Svein í aðsendri grein í blaðinu í dag.

Þeir Skúli og Sveinn Andri hafa átt í málaferlum síðustu misseri í tengslum við þrot EK 1923 ehf., áður heildverslunin Eggert Kristjánsson hf.

Segir Skúli kærur Sveins Andra tilhæfulausar og hann hafi neitað samningaviðræðum til þess eins að ná fé úr þrotabúinu.

Sveinn Andri svarar í athugasemd og segir málaferlin ekki tilhæfulaus og biður um að spurt verði að leikslokum.

**– ab / sjá síðu 15**

Skúli Gunnar Sigfússon.

**1/3**

**Talið er að ein af hverjum þremur konum missi fóstur einhvern tímann á lífsleiðinni.**

# Að baki hvers missis er barn

Fósturmissi getur fylgt mikil sorg sem erfitt getur reynst að tala opinskátt um. Sérfræðingar og konur sem misst hafa eru sammála um að mikilvægt sé að opna á umræðuna. ➔ 12

Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri.

## Ásgeir skipaður seðlabankastjóri

**STJÓRNSÝSLA** „Það er alltaf áskorun fyrir hvern þann sem tekur við þessu embætti. Það liggja nú fyrir töluverðar breytingar á stofnuninni og það felur í sér ákveðna áskorun að breyta skipulagi stofnunarinnar," segir Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri.

Ásgeir var í gær skipaður seðlabankastjóri af Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra. Um áramótin sameinast Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið. Nefnd sem Ásgeir veitti formennsku og skilaði skýrslu síðasta vor komst að þeirri niðurstöðu að æskilegast væri að Fjármálaeftirlitið yrði áfram til staðar sem sjálfstæður aðili til að sinna eftirlitshlutverki.

Það eru fleiri áskoranir fram undan en sameiningin. „Það þarf að stýra hagkerfinu í gegnum þessa hagsveiflu," segir Ásgeir. „Fyrir mig er þetta persónuleg áskorun að takast á við embætti seðlabankastjóra."

Ásgeir mun láta af starfi sem forseti hagfræðideildar Háskóla Íslands.

Tólf sóttu um starf seðlabankastjóra, hæfisnefnd mat fjóra umsækjendur mjög vel hæfa. Í rökstuðningi ráðherra má lesa að valið hafi staðið milli Ásgeirs og Gylfa Magnússonar, formanns bankaráðs Seðlabankans. Er það mat ráðherra að Ásgeir sé hæfastur. **– ab**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason skrifar um hagtölur og langlífi. 15

**SPORT** Stórliðin á Englandi undirbúa sig nú af kappi fyrir komandi leiktíð. 16

**TÍMAMÓT** Kristján Kristjánsson heimspekingur er sextugur í dag. Hann er prófessor í siðfræði og mannkostamenntun. 18

**LÍFIÐ** Forskeytið „stuð" boðar gott hjá Stuðlabandinu frá Selfossi. Þeir spila á á Þjóðhátíð um verslunarmannahelgina 28

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

## Veður




Norðaustlæg átt, 5-15 m/s, hvassast NV til. Rigning eða súld á A-verðu landinu. Lítilsháttar væta NV til um tíma í kvöld og nótt. Hiti 8 til 18 stig. SJÁ SÍÐU 20

Geimflaug skotið á loft. MYND/AFP

# Geimflaugarusl til skoðunar

**UMHVERFISMÁL** Rusl úr breskum geimflaugum, sem rigna mun inn í íslenska og færeyska lögsögu á næstu árum, er til skoðunar innan tveggja ráðuneyta. Það er utanríkis- og umhverfisráðuneytisins. Eins og fram kom í mánuðinum hefur skotpallur verið reistur í norðurhluta Skotlands og geimflaugabútarnir verða mun stærri en áður var talið.

„Sérfræðingar okkar eru að skoða málið núna og óvíst hvenær þeirri vinnu lýkur," segir Bergþóra Njála Guðmundsdóttir, upplýsingafulltrúi umhverfisráðuneytisins. En samkvæmt landhelgislögum ber að forðast allt sem getur mengað eða spillt hafinu. Þá verður einnig að líta til öryggismála skipa í þessu samhengi. **– khg**

# Útilegan lifir

Hið hefðbundna íslenska tjaldsumarfrí deyr seint líkt og sjá má á þessari mynd frá Kleppjárnsreykjum. Fyrir marga er tjaldútilegan ómissandi hluti af sumrinu með tilheyrandi útiveru og slökun fyrir unga jafnt sem aldna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

Fleiri myndir frá svæðinu er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

# Stöðnunin úti á landi verði rofin

**HÚSNÆÐISMÁL** „Niðurstöður tilraunaverkefnis Íbúðalánasjóðs á landsbyggðinni sýna að það ríkir markaðsbrestur á húsnæðismarkaði víða á landsbyggðinni. Enginn er að svara eftirspurninni þrátt fyrir að næg kaupgeta sé fyrir hendi hjá íbúum í þessum sveitarfélögum," segir Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra.

Ráðherrann birti í gær minnisblað þar sem farið er yfir stöðu tilraunaverkefnisins. Hann telur að stjórnvöld þurfi að grípa til frekari aðgerða til að rjúfa þá stöðnun sem ríkt hafi í húsbyggingum á landsbyggðinni. **– sar**

# Fimm milljarða sekt Facebook

**TÆKNI** Bandarískt samfélagsmiðlarisinn Facebook þarf að greiða fimm milljarða dala sekt vegna brota á reglum um öryggi persónulegra gagna. Þetta tilkynnti bandaríska neytendastofnunin (FCT) í gær. Þá þarf fyrirtækið einnig að setja á fót óháða eftirlitsnefnd um gagnaöryggi sem forstjórinn, Mark Zuckerberg, má ekki stýra.

FTC hafði, að því er BBC greinir frá, verið að rannsaka ásakanir er tengdust notkun greiningarfyrirtækisins Cambridge Analytica á gögnum Facebook-notenda í pólitískum tilgangi. Rannsóknin snerist einnig um fleiri meint brot, til að mynda er varða hugbúnað er ber kennsl á andlit.

Zuckerberg sagði sjálfur í færslu á Facebook að fyrirtækið myndi nú gera grundvallarbreytingar á starfseminni, vörunum og rekstrinum. „Okkur ber skylda til þess að standa vörð um friðhelgi einkalífs fólks." **– þea**

# Með lífsskoðunarfélag á lögmannsstofu sinni

**Lífsskoðunarfélagið Vitund var skráð í febrúar og hefur aðeins þrjá meðlimi. Þrír lögmenn komu að skráningunni en þá greinir á um hver sinnir athöfnum, svo sem giftingum fyrir hönd félagsins.**

**TRÚMÁL** Lögmaðurinn og fyrrverandi sóknarprestur á Staðastað, Páll Ágúst Ólafsson, er forstöðumaður og stjórnarformaður lífsskoðunarfélagsins Vitundar sem skráð var hjá sýslumanni í febrúar. Aðeins þrír meðlimir eru skráðir í félagið en í stjórn félagsins sitja, ásamt Páli, móðir hans Dögg Pálsdóttir og Helga Baldvins Bjargardóttir. Öll eru þau lögmenn á lögmannsstofunni ÍsMál, þar sem heimilisfang Vitundar er einnig skráð.

Þar er einnig skráð félagið Love Iceland sem sér um brúðkaupsþjónustu og er í eigu Karenar Lindar Ólafsdóttur, prests í Hjallakirkju og eiginkonu Páls Ágústs. Love Iceland er rétthafi að léninu vitund.is. Á þeirri síðu eru aðeins þrír pistlar, allir birtir í febrúar en á samfélagsmiðlum hafa verið reglulegar stöðuuppfærslur, sú fyrsta árið 2016. Á síðunni kemur fram að félagið sinnir athöfnum, svo sem giftingum.

Páll Ágúst hefur verið mikið í fjölmiðlum undanfarna mánuði. Í embættistíð sinni á Staðastað flutti hann fjölskyldu sína af prestsetrinu þar sem hann taldi það óíbúðarhæft. Var embættið síðar lagt niður og átti Páll Ágúst í miklum málaferlum við biskup Íslands og þjóðkirkjuna sem hann vann.

Fyrr í mánuðinum greindi Fréttablaðið frá því að Páll Ágúst hefði milligöngu um samskipti bandarískra kaupenda og þrotabús WOW air. Síðar hefur komið í ljós að athafnakonan Michele Ballarin fer fyrir kaupendahópnum.

Páll Ágúst Ólafsson og Dögg Pálsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Þrír meðlimir voru skráðir í Vitund þann 1. júní samkvæmt Þjóðskrá. Samkvæmt reglugerð um skráningu trúfélaga og lífsskoðunarfélaga er lágmarksfjöldi til skráningar 25.**

„Ég tók að mér sem lögmaður að hjálpa hópi fólks að koma þessu á laggirnar. Mitt hlutverk er einvörðungu lögfræðilegt," segir Páll Ágúst um Vitund og benti á að Helga gæti uppfrætt um félagið. Sagði hann jafnframt að þetta tengdist deilum hans við biskup ekki á nokkurn hátt.

„Þetta er félagsskapur fólks sem hefur áhuga á að iðka mannréttindi," segir Helga. Vitund væri hópur fólks sem væri meðvitað um eigin forréttindi og jaðarstöðu annarra.

Helga segir að félagið hafi séð um athafnir og að Páll Ágúst hafi mest megnis séð um þær hingað til. Páll segist hins vegar ekki sjá um athafnirnar.

Samkvæmt reglugerð dómsmálaráðherra er lágmarksfjöldi trú- og lífsskoðunarfélaga 25. Helga segir að þau þrjú á lögmannsstofunni séu öll í félaginu en að fjöldinn sé meiri, nokkrir tugir.

„Ætli ég sé ekki mesta virknin eins og stendur," segir Helga um virkni félagsins. Samkvæmt lögum eru skilyrði skráningar trú- og lífsskoðunarfélags að félagið hafi náð fótfestu, starfsemi þess sé virk og stöðug. Hvorki dómsmálaráðuneytið né sýslumaðurinn á Siglufirði, sem sér um trúfélagsskráningar, gátu svarað fyrirspurnum Fréttablaðsins um skráninguna vegna sumarleyfa.

**kristinnhaukur@frettabladid.is**

+PLÚS

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Ræktað í Sólbyrgi

**Einar Pálsson og garðyrkjufjölskyldan í Sólbyrgi á á Kleppjárnsreykjum í Borgarfirði voru að störfum í gróðurhúsinu þegar Ernir Eyjólfsson ljósmyndari kom í heimsókn. Jarðaberjauppskeran brast þetta árið en þau ræktar einnig tómata og gúrkur.**

HÚSASMIÐJAN

blómaval

Skoðaðu útsölublaðið á husa.is

# Sumar ÚTSALA

## Allt að 50% afsláttur

**Skjólgirðingar**
**25-35%**

**Sumarblóm og trjáplöntur**
**30-50%**



**Sláttuvélar**
**25-35%**

**Viðarvörn, pallaolía og pallahreinsir**
**20%**

**Broil King grill og fylgihlutir**
**25-30%**

**Glös og matarstell**
**30%**

**Orf og keðjusagir**
**25-30%**

**Lady málning**
**25%**

**Útipottar**
**30%**

## NÝ SENDING AF PALLAEFNI

Komdu og fáðu tilboð í pallinn

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

FRÉTTABLAÐIÐ.IS


1. Gunnar Víking: Líkkistan og steinninn bíða í bílskúrnum

2 „Að vera transkona og fara í sund er eiginlega ekkert grín“

3 Vestfjarðalaust Íslandskort vekur hneykslan

4 Georg fékk fyrstur að hitta Archie

5 Vísundur þeytti 9 ára stelpu upp í loft


# Trump tísti um óánægju með vitnisburð Muellers

**BANDARÍKIN** Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, fór með rangt mál þegar hann sagði að rannsókn Roberts Mueller, sérstaks saksóknara, á Rússamálinu hafi leitt í ljós að forsetinn væri alsaklaus af ásökunum um að hann hafi hindrað framgang réttvísinnar. Þetta sagði Mueller sjálfur þegar hann kom fyrir dómsmálanefnd fulltrúadeildar þingsins í gær.

Ekki var ákveðið að ákæra Trump fyrir nokkurn glæp vegna rannsóknarinnar. Er það vegna reglna dómsmálaráðuneytisins um að ekki skuli ákæra forseta Bandaríkjanna. Er Jerry Nadler, Demókrati og formaður nefndarinnar, spurði Mueller hvort hægt væri að ákæra Trump eftir að hann lætur af embætti sagði Mueller svo vera.

Trump svaraði fyrir sig á Twitter. „Þannig að Demókratar mega, ólöglega, skálda upp glæp og gera mjög saklausum forseta upp sakir og þegar hann svarar fyrir sig gegn þessari ólöglegu árás á ríkið er hann sakaður um að hindra framgang réttvísinnar? Rangt!“ tísti Trump.

**Donald Trump, forseti Bandaríkjanna.** NORDICPHOTOS/AFP

Hann hélt áfram og gagnrýndi að Mueller hafi ekki sérstaklega rannsakað Hillary Clinton, keppinaut Trumps árið 2016, James Comey, fyrrverandi alríkislögreglustjóra, Mueller sjálfan og fleiri aðila. „Hvers vegna rannsakaði Robert Mueller ekki hvernig og hvers vegna hin spillta Hillary Clinton eyddi 33.000 tölvupóstum EFTIR að bandaríska þingið STEFNDI henni? Hún hlýtur að vera með FRÁBÆRA lögmenn!“ **– þea**

**Forsætisráðherra og drottning í Buckingham-höll.** NORDICPHOTOS/AFP

## Boris tekinn við

**BRETLAND** Boris Johnson tók í gær formlega við embætti forsætisráðherra Bretlands eftir að hann sótti fund drottningar. Er valdatíð Theresu May þar með lokið.

„Við í þessari ríkisstjórn munum nú vinna hörðum höndum að því að veita landsmönnum þá forystu sem þeir eiga skilið,“ sagði Johnson á tröppum Downing-strætis 10 í gær. Bætti því við að nú myndi vinnan hefjast fyrir alvöru.

Hinn nýi forsætisráðherra á einmitt erfitt verkefni fyrir höndum enda þarf hann að sigla heim útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu. Hann hefur heitið því að Bretar haldi í samþykktan útgöngudag, 31. október, og fresti honum ekki eins og áður hefur verið gert. Jafnvel þótt það þýði samningslausa útgöngu.

Þetta þykir andstæðingum samningslausrar útgöngu ekki gott. Jo Swinson, Evrópusinni og nýr leiðtogi Frjálslyndra demókrata, sagði til að mynda í gær að stefna Johnsons væri „afskaplega óábyrg“.

May þakkaði fyrir sig áður en hún lét af embætti. Sagði undanfarin ár hafa verið mesta heiður sem henni hefur verið sýndur. „Takk fyrir að treysta mér og gefa mér þetta tækifæri.“ **– þea**

# Lögn undir dal á 410 milljónir

**Veitur leggja nýja lögn neðanjarðar, undir Elliðaárdal og kvíslar Elliðaánna. Ódýrasti kosturinn segir upplýsingastjóri Veitna. Núverandi stokkar eru of litlir til að unnt sé að endurnýja lagnir í þeim.**

**ORKUMÁL** „Við erum ekki bara að endurnýja lagnir heldur líka stækka þær í þessari framkvæmd,“ segir Ólöf Snæhólm Baldursdóttir, upplýsingastjóri Veitna, um endurnýjun lagna frá Reykjanesbraut við Sprengisand í gegnum Elliðaárdal og upp með Rafstöðvarvegi.

„Um er að ræða fráveitulagnir, kaldavatnslagnir, hitaveitulagnir, raflagnir ásamt fjarskiptalögnum Gagnaveitu Reykjavíkur og Mílu. Kostnaðaráætlun heildarverksins er um 1,5 milljarðar en inni í þeirri tölu er hlutur Reykjavíkurborgar, Gagnaveitu Reykjavíkur og Mílu,“ segir Ólöf.

Athygli hefur vakið að fjarlægja á hitaveitustokka sem liggja þvert yfir Elliðaárdal neðanverðan og leggja nýjar lagnir neðanjarðar í staðinn. „Skoðaðar voru nokkrar lausnir fyrir þverun Elliðaáa fyrir allar veitulagnir,“ segir Ólöf.

Aðspurð um kostnaðinn við þá lausn sem valin hefur verið yfir Elliðaárdal, það er lagning neðanjarðar með tveimur hituveitulögnum, segir Ólöf hann áætlaðan 410 milljónir króna. Lagnir ofanjarðar á steyptum undirstöðum yfir Elliðaár hefðu kostað 450 milljónir og lagning ofanjarðar í nýjum steyptum stokki yfir Elliðaár myndi kosta 570 milljónir króna.

„Að auki var í forhönnun skoðað að bora undir Elliðaárnar og Reykjanesbrautina, en sökum mikillar áhættu í slíku verki var fallið frá því auk þess sem það var langsamlega dýrasti kosturinn. Annar ókostur við slíka framkvæmd er að við borun þurfa lagnir að vera á miklu dýpi sem gerir alla viðhaldsvinnu afar erfiða,“ útskýrir Ólöf.

Ekki er eingöngu verið að endurnýja lagnir heldur líka stækka þær. „Einnig er verið að bæta við kaldavatnslögnum og rafstrengjum. Því eru núverandi stokkar of litlir fyrir endurnýjaðar og nýjar lagnir,“ segir Ólöf.

Enn fremur bendir Ólöf á að ef steypa ætti nýja stokka þyrfti sú vinna að fara fram yfir sumartímann. „Það getur haft mikil áhrif á lífríki Elliðaánna en áhersla er lögð á að raska því sem allra minnst við framkvæmdirnar. Eru þær tímasettar til að svo megi verða,“ segir hún. Lagnirnar eiga að ganga undir kvíslar Elliðaánna og verður það verk unnið að vetrarlagi svo það trufli ekki göngur laxfiska.

Stokkarnir yfir Elliðaárdal eiga sér sögu sem nær áttatíu ár aftur í tímann og hafa þeir unnið sér sess sem samönguæð þeirra sem ganga, hlaupa og hjóla í dalnum. „Fyrsti stokkurinn var lagður þegar Reykjaæð var lögð úr Mosfellssveit á stríðsárunum. Samkvæmt mínum heimildum var það unnið á árunum 1939 til 1943,“ segir Ólöf sem kveðst ekki hafa nákvæmar upplýsingar um það hvenær á því tímabili stokkurinn yfir Elliðaárnar var byggður.

**gar@frettabladid.is**

**Hitaveitustokkur var fyrst lagður yfir Elliðaárdal í framkvæmdum á árunum 1939 til 1943.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Að auki var í forhönnun skoðað að bora undir Elliðaárnar og Reykjanesbrautina, en sökum mikillar áhættu í slíku verki var fallið frá því auk þess sem það var langsamlega dýrasti kosturinn.**
>
> Ólöf Snæhólm Baldursdóttir, upplýsingastjóri Veitna

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
LOKAÐ LAUGARDAGA FRÁ 8. JÚNÍ TIL OG MEÐ 3. ÁGÚST

RAM
UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á WWW.BILALAND.IS

Ný og ómótstæðileg tilboð daglega!

# LAGER SALA

AFSLÁTTUR 500.000 KR.

Rnr. 145671

**RENAULT Megane Zen**
Nýskr. 08/16, ekinn 22 þ.km, bensín, 6 gírar.
Verð 2.490.000

**TILBOÐ!**
**1.990.000 kr.**

AFSLÁTTUR 600.000 KR.

Rnr. 430310

**NISSAN Qashqai Acenta 4wd**
Nýskr. 07/16, ekinn 50 þ.km, dísil, 6 gírar.
Verð 3.190.00

**TILBOÐ!**
**2.590.000 kr.**

AFSLÁTTUR 800.000 KR.

Rnr. 145687

**HYUNDAI Santa Fe III Style**
Nýskr. 05/17, ekinn 78 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 5.390.000

**TILBOÐ!**
**4.590.000 kr.**

AFSLÁTTUR 500.000 KR.

Rnr. 145785

**VW Golf Variant Comfortline**
Nýskr. 05/17, ekinn 97 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.390.000

**TILBOÐ!**
**1.890.000 kr.**

AFSLÁTTUR 600.000 KR.

Rnr. 153583

**NISSAN Juke Acenta Plus 4wd**
Nýskr. 04/16, ekinn 53 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.990.000

**TILBOÐ!**
**2.390.000 kr.**

AFSLÁTTUR 400.000 KR.

Rnr. 285202

**HYUNDAI I30 GL**
Nýskr. 05/17, ekinn 100 þ.km, bensín, 6 gírar.
Verð 1.690.000

**TILBOÐ!**
**1.290.000 kr.**

AFSLÁTTUR 600.000 KR.

Rnr. 430379

**RENAULT Kadjar Zen 4wd**
Nýskr. 10/16, ekinn 69 þ.km, dísil, 6 gírar.
Verð 3.390.000

**TILBOÐ!**
**2.790.000 kr.**

AFSLÁTTUR 800.000 KR.

Rnr. 145680

**SSANGYONG Tivoli XLV**
Nýskr. 12/17, ekinn 16 þ.km, dísil, 6 gírar.
Verð 3.090.000

**TILBOÐ!**
**2.290.000 kr.**

## LAGERSALA BÍLALANDS ER Í FULLUM GANGI!

Nýlegir notaðir bílar á tilboðsverði sem slær allt annað út.

- ÁSTANDSSKOÐUN
- ALLT AÐ 80% LÁN
- FJÁRMÖGNUN Á STAÐNUM



www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

**Opið frá kl. 9–18 alla virka daga og laugardaga frá kl. 12–16**

Bílaland – Kletthálsi 11 – 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar – Kauptúni 1 – 210 Garðabæ
Sími 525 8000 – bilaland@bilaland.is

bílaland

ENNEMM / SÍA / NM94960

Verksmiðja Kerecis á Ísafirði.

## Kerecis býr sig undir skráningu

Íslenska nýsköpunarfyrirtækið Kerecis hefur verið í undirbúningsferli hjá Kauphöllinni varðandi skráningu félagsins á hlutabréfamarkað á næstu misserum. Þetta herma áreiðanlegar heimildir Fréttablaðsins en valið mun standa milli kauphallarinnar á Íslandi annars vegar og í Toronto hins vegar.

Markmið skráningarinnar er að eiga greiðari aðgang að stofnanafjárfestum til að fjármagna ytri vöxt fyrirtækisins. Stjórnendur Kerecis horfa til vaxtarára stoðtækjaframleiðandans Össurar sem fjármagnaði yfirtökur á tíu fyrirtækjum í Bandaríkjunum á árunum 2000 til 2005 í kjölfar skráningar á hlutabréfamarkað.

Kerecis lauk fyrr á árinu fjármögnun fyrir jafnvirði rúmlega tveggja milljarða króna en miðað við gengið í hlutafjárhækkuninni gæti virði Kerecis verið allt að 12,4 milljarðar króna. Tekjur Kerecis námu 4,6 milljónum dala á síðasta ári en gert er ráð fyrir að þær meira en áttfaldist og verði komnar í 39 milljónir dala á næsta ári. Það kom fram í fjárfestakynningu sem Arion banki útbjó fyrr á árinu. **– tfh**

## JP Morgan sér tækifæri í Marel

JP Morgan telur gengi Marels geta farið upp í 4,7 evrur á næstu 18 mánuðum sem er um 7 prósentum yfir gengi bréfanna í kauphöllinni í Amsterdam í dag og 27 prósentum yfir útboðsgenginu. Þetta kemur fram í verðmati bankans sem er bjartsýnn á horfurnar. Eftir farsæla skráningu sé Marel vel í stakk búið til að styðja undir frekari vöxt með yfirtökum. Þá kemur fram að Marel leggi mikla áherslu á rannsóknir og þróun, framlegð fyrirtækisins sé meiri en meðalframlegð í greininni og það beri minni skattbyrði en önnur fyrirtæki í sama geira. Hlutabréfin eigi því að vera hátt verðlögð. **– tfh**

# Tregða í þróun flugfargjalda

**Væg hækkun fargjalda í sumar getur átt sér margar skýringar að sögn greinenda. Icelandair fari varlega í hækkanir, olíuverð hafi lækkað og fall WOW air hafi raskað verðmælingum. Minni samkeppni skili sér þó á endanum með hærri fargjöldum.**

Icelandair hefur reitt sig á það að meðalfargjöld í flugbransanum muni hækka með tímanum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Væg hækkun á flugfargjöldum í sumar getur átt sér nokkrar skýringar að sögn greinenda sem Fréttablaðið ræddi við. Aðalhagfræðingur Íslandsbanka segir að það geti tekið tíma að laga fargjöld að breyttu samkeppnisumhverfi. Lægra olíuverð geti einnig spilað inn í. Sérfræðingur hjá Landsbankanum segir að taka verði mælingunni með fyrirvara enda hafi fall WOW air raskað mælingum Hagstofunnar.

Samkvæmt verðmælingum Hagstofu Íslands fyrir júlímánuð hækkuðu flugfargjöld til útlanda um einungis 6,3 prósent á milli mánaða. Þetta er mun vægari hækkun en hefur sést síðustu tvö ár þegar hækkunin nam rúmlega 20 prósentum á milli mánaða. Ef litið er til síðustu fimm ára þá hafa flugfargjöld hækkað að meðaltali um 21 prósent í júlímánuði.

Gefi nýjasta mæling Hagstofunnar rétta mynd af verðþróuninni er 12 prósentum ódýrara að fljúga til útlanda í júlí í ár en í júlí fyrir ári. Það kom greinendum á óvart enda hefur samkeppnin minnkað eftir fall WOW air og flugframboð dregist saman. Mælingin var töluvert lægri en spá greiningardeilda Arion banka og Landsbankans, en aðeins lægri en spá Íslandsbanka um níu prósenta hækkun.

„Það hefur verið óðruvísi hækkunartaktur í fluginu á þessu ári samanborið við síðustu ár en það er okkar skoðun að minni samkeppni muni jafnt og þétt skila sér í hækkandi verði. Hins vegar getur verið að í þessari mælingu hafi vegið á móti að Icelandair, sem vegur þungt í mælingum Hagstofunnar á flugfargjöldum, hafi viljað hafa vaðið fyrir neðan sig. Þannig vilji þeir frekar fylla vélarnar heldur en að bregðast of snarpt við minnkandi samkeppni með því að keyra upp verðin," segir Jón Bjarki Bentsson, aðalhagfræðingur Íslandsbanka, í samtali við Fréttablaðið.

**Þannig vilji þeir frekar fylla vélarnar heldur en að bregðast of snarpt við minnkandi samkeppni með því að keyra upp verðin.**

Jón Bjarki Bentsson, aðalhagfræðingur Íslandsbanka

„Það tekur oft smá tíma fyrir markaðinn að uppgötva nýtt samband milli eftirspurnar og verðs þegar miklar breytingar verða á framboðshliðinni á skömmum tíma, eins og þegar WOW air féll."

Tölfræðigreining bankans sýnir að til skemmri tíma sé eldsneytisverð á heimsmarkaði, gengi krónunnar og árstíðasveiflur helstu áhrifaþættirnir sem stýra þróun fargjalda. Jón Bjarki bendir á að eldsneytisverð hafi lækkað verulega seinni hlutann í maí. Það geti verið önnur skýring á verðþróuninni.

„Icelandair hefur vissulega meiri varnir gagnvart sveiflum í eldsneytisverði heldur en WOW air hafði en samt sem áður er félagið næmt fyrir sveiflum í verðinu. Það var brött lækkun í síðari helmingi maímánaðar og það er ekki ósennilegt að sú lækkun hafi haft áhrif," segir Jón Bjarki. Auk þess geti gott veðurfar hér á landi hafa dregið úr eftirspurn eftir ferðum Íslendinga til útlanda í sumar.

### Flugfargjöld til útlanda

Breyting milli júní og júlí árin 2015 til 2019.




**21%**

**er meðalhækkun fargjalda milli júní og júlí síðustu 5 ár.**

„Breytt samkeppnisumhverfi á eftir að skila sér af fullum krafti í hærri verðum, sérstaklega í ljósi þess að afkoma Icelandair síðustu misseri hefur gefið til kynna að fargjöld þurfi að hækka. Hækkunin gæti hins vegar verið að færast yfir á seinni hluta ársins," segir Jón Bjarki.

Sveinn Þórarinsson, sérfræðingur í hagfræðideild Landsbankans, segir að mælivandi geti að einhverju leyti skýrt þessa niðurstöðu í mælingum Hagstofunnar.

„Hagstofan er með ákveðið reiknilíkan fyrir fargjöldin. Hagstofan athugaði verð til nokkurra ólíkra áfangastaða. Miðað er við flug þar sem brottför er 14 dögum, einum mánuði og tveimur mánuðum eftir að flugmiði er keyptur. Fyrir fall WOW var vægi þess 30 prósent á móti 70 prósent hjá Icelandair. Það sem síðan gerist er að fall WOW air raskar reiknilíkaninu og það þurfti að ákveða hvernig ætti að mæla fargjöldin framvegis," segir Sveinn.

„Tölurnar eru áhugaverðar, sérstaklega samanburðurinn milli ára en við tökum þeim með fyrirvara. Ég held að uppgjör Icelandair muni gefa skýrari mynd af stöðunni," segir Sveinn en Icelandair Group birtir uppgjör sitt fyrir annan ársfjórðung fimmtudaginn 1. ágúst.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni voru önnur flugfélög tekin inn í verðmælinguna eftir fall WOW air en aðferðum við útreikninga var ekki breytt. Þessi undirliður vísitölunnar sveiflist töluvert og erfitt sé að segja til um áhrifin enda stutt síðan breytingin var gerð.

**thorsteinn@frettabladid.is**



ANSEL ELGORT

POLO

RED RUSH

RALPH LAUREN

INTRODUCING THE
NEW MEN´S FRAGRANCE

**RALPH LAUREN DAGAR**

## 20% afsláttur

**af öllum Ralph Lauren dömu- og herrailmum dagana 25. júlí - 31. júlí.**

**Glæsileg taska fylgir þegar þú kaupir Ralph Lauren vörur fyrir 7.950 kr. eða meira.**

HAGKAUP

*Meira svona alla daga*

# Hjálp í því að tala um missinn

**Fimmtán prósent kvenna missa fóstur eftir að hafa fengið staðfestingu á þungun með þungunarprófi og talið er að þriðja hver kona missi fóstur einhvern tímann á lífsleiðinni. Í mörgum tilvikum er um að ræða fóstur sem konan veit ekki að hún ber undir belti en oftar en ekki getur mikil sorg fylgt í kjölfarið. Þrátt fyrir algengi fósturmissis er ekki mikið rætt opinberlega um efnið og koma tölurnar mörgum á óvart.**

Birna Dröfn Jónasdóttir
birnadrofn@frettabladid.is
Lovísa Arnardóttir
lovisaa@frettabladid.is

Fósturlátum er skipt í snemmkomin og síðkomin fósturlát. Með snemmkomnum fósturlátum er átt við þau sem verða á fyrsta þriðjungi meðgöngu, það er fyrstu 12 vikum hennar, en með síðkomnum fósturlátum er átt við þau sem verða eftir 12. viku og til og með 22. viku meðgöngu.

## Ein af hverjum sex missir fóstur

„Það er oftast talað um að það séu um það bil fimmtán prósent af þungunum sem enda með fósturmissi, þá erum við að tala um þunganir sem staðfestar eru með þungunarprófi. Sem sagt næstum því ein af hverjum sex þungunum," segir Hulda Hjartardóttir, yfirlæknir á kvennadeild Landspítalans.

„Svo fer þetta aðeins eftir aldri, þannig að hjá konum sem eru kannski orðnar fertugar er þetta algengara. Þá er þetta ein af hverjum þremur þungunum," segir Hulda.

Hún segir að ástæður fósturláts geti verið af ýmsum toga en litningagalli hjá fóstri sé algengasta ástæðan. „Það hafa verið gerðar ýmsar rannsóknir á fósturlátum sem benda til þess að stærsti hlutinn sé vegna einhvers konar litningagalla hjá fóstrinu sem er þá það alvarlegs eðlis að það myndi aldrei geta orðið eðlilegt fóstur."

Hulda segir að þó að rannsóknir hafi verið gerðar á ástæðum fósturláts sé ekki vaninn að greina hvert tilfelli fyrir sig. „Önnur algeng ástæða er einhvers konar byggingargalli hjá fóstrinu sem gerir það að verkum að það nær ekki að lifa lengur en fyrstu vikurnar. Svo er það því miður þannig að í hverju einstöku tilviki veit maður ekkert hver skýringin er," segir Hulda.

Hulda segir að flest fósturlát verði fyrir tíundu viku og að með aukinni tækni sé auðveldara að fylgjast með fóstrum í móðurkviði. „Ef kona er skoðuð með lifandi fóstur við tíu vikur þá eru 99 prósent líkur á því að það muni ganga áfram," segir Hulda.

„Miðað er við tólf vikur en ástæðan er sú að það fer ekki að blæða strax við fósturlát og í raun verða engin merki þess í tvær til þrjár vikur eftir að það gerist. Nú getum við þó sagt með betri vissu fyrr á meðgöngu hvort allt sé í lagi," bætir hún við.

Hulda segir að þrátt fyrir að viðmiðið sé tólf vikur sé ekkert því til fyrirstöðu að konur greini frá því fyrr að þær séu þungaðar.

„Ef þú missir fóstrið þá verður þú jú sorgmædd en fólkið í kringum þig skilur af hverju og þú þarft ekki að vera í einhverjum feluleik með það," segir Hulda og bætir við að mikil hjálp geti falist í því að segja frá.

„Í mörgum tilfellum komast konur að því að það eru svo ótal margir í kringum þær sem hafa upplifað það sama og það getur oft verið heilmikill styrkur fólginn í því að fá hughreystingu og uppörvun frá fólkinu í kringum þig," segir Hulda.

Hulda Hjartardóttir.

---

**Svanhvít Jóhanna**
fæddi andvana dreng

## Erfitt að hringja og segja frá

Svanhvít Jóhanna Jóhannsdóttir fæddi drenginn sinn andvana á 22. viku meðgöngunnar fyrr á þessu ári. Spurð hvort hana hafi grunað að eitthvað væri að segir Svanhvít að hana hafi „ekki beint" grunað það, en segir að hennar fyrri meðganga hafi verið mjög erfið og því hafi hún haft einhverjar áhyggjur.

Í 20 vikna sónar kom svo í ljós að engin nýrnastarfsemi var hjá fóstrinu og því ekkert legvatn. Fram að 15. til 16. viku framleiðir móðirin legvatnið fyrir fóstrið, en eftir það taka nýru fóstursins við og eiga sjálf að framleiða legvatnið.

„Ljósmóðirin sagði við okkur að þetta væri mjög alvarlegt og að ég þyrfti að hitta sérfræðing," segir Svanhvít.

Hún segir að þau hafi svo leitað sér upplýsinga um fósturgallann og að alls staðar hafi þau lesið það sama. Að lífslíkur væru engar. Þau ákváðu þá að enda meðgönguna.

Svanhvít fékk lyf sem stöðva framleiðslu þungunarhormóna og svo tveimur dögum síðar fór hún upp á spítala þar sem hún þurfti að fæða barnið. Hún segir að hún hafi verið mjög hrædd við fæðinguna. Eftir fæðinguna var drengurinn hjá þeim í nokkra klukkutíma. Þeim hafi þó staðið til boða að fá afnot af kælivöggu á Landspítalanum sem er þar sérstaklega fyrir konur sem fæða börn sín andvana.

Hún segir að konur í þessari aðstöðu fæði ekki á fæðingardeildinni, heldur á kvennadeildinni. Þar sé sérstök stofa fyrir þessar aðstæður. Svanhvít segir að þótt hún hafi aldrei beint kennt sjálfri sér um fósturmissinn þá hafi hún spurt eftir krufningu hvort hún hefði getað gert eitthvað öðruvísi.

„Ég kenndi mér aldrei um, en spurði alveg hvort þetta hefði verið af því að ég drakk stundum þrjá kaffibolla í staðinn fyrir einn. En sérfræðilæknir sagði okkur að ef það væri hætta á því myndu þær segja öllum að drekka ekkert kaffi," segir Svanhvít.

Svanhvít segir að þau hafi ekki verið búin að tilkynna þungunina formlega, en að þau hafi verið búin að segja sínum nánustu frá henni.

„Það vissu þetta allir og það þurfti því að hringja í alla, ömmur og afa, og láta vita. Því lengri sem meðganga er gengin því fleirum er farið að þykja vænt um þessa hugmynd um barnið sem er að koma. Það var erfitt að hringja og segja frá," segir Svanhvít.

Hún segir að fólk hafi sýnt henni mikinn skilning en hafi kannski ekki vitað hvernig það átti að bregðast við. Hún segir að sér hafi aldrei þótt erfitt að tala um þetta við fólk og eigi góða að sem hún geti talað við. Manninn sinn, góðar vinkonur og fjölskyldumeðlimi.

Hún segir að eflaust þyrfti hún að fara betur í gegnum það sem gerðist. Hún hafi grátið ofsalega mikið fyrstu dagana en það hafi smám saman minnkað. Hún segir að þegar hún ræði þetta þá fái hún oft að heyra um missi annarra kvenna, sem hún hafi ekki vitað af áður. Það hafi hjálpað mikið.

„Þó að það sé ömurlegt að fólk gangi í gegnum þetta, þá er mikill styrkur í því að lesa reynslusögur fólks sem gengur í gegnum svona, til að vita að maður kemst í gegnum þetta. Þetta er ekki óyfirstíganlegt hvernig maður á að takast á við alla þessa sorg. En það er bara einn dagur í einu og maður þarf bara að leyfa sér að syrgja," segir Svanhvít.

**Lengra viðtal má nálgast á frettabladid.is**

---

**Silja Hlín**
missti fóstur í tvígang

## Þarf enn að syrgja hugmyndina um fleiri börn

Silja Hlín Guðbjörnsdóttir hefur misst fóstur í tvígang. Fyrra skiptið var í ársbyrjun árið 2014. Hún og kona hennar, Ana, höfðu nýlega tilkynnt foreldrum sínum um þungunina en eina nóttina um miðjan janúar byrjaði skyndilega að blæða, með verkjum.

Hún fór í leigubíl, með handklæði í klofinu, á kvennadeild Landspítalans þar sem hún var skoðuð. Þar var fósturlátið staðfest og hún send í aðgerð.

Hún segir að sér hafi liðið hörmulega eftir fósturmissinn, bæði á líkama og sál. Hafi verið máttlaus og grátið mikið. Hún segir að þrátt fyrir missinn hafi hún og kona hennar verið staðráðnar í að reyna aftur. Þær reyndu aftur í bæði mars og apríl og þá varð Silja aftur ólétt. Hún segir að læknir hafi útskýrt fyrir henni að konur missi yfirleitt einungis einu sinni og að það væri ekki líklegt að það gerðist aftur.

„Ég reyndi að minna mig á það. Síðan byrjaði að blæða, með verkjum. Það nákvæmlega sama gerðist aftur, blæddi í viku og svo staðfestur missir," segir Silja.

Hún segir að eftir hafa misst tvisvar hafi henni liðið mjög illa. Hafi grátið mikið, verið þunglynd og hafi þótt erfitt að hitta aðrar óléttar konur. Kona hennar og vinkonur hafi stutt vel við hana, og meðal annars safnað peningum sem þær gáfu þeim svo Silja gæti farið í aðra uppsetningu á fósturvísi.

Hún segir að fólk hafi almennt viljað henni mjög vel en að hún hafi oft fengið óþægileg ráð og athugasemdir. Þær hafi oft verið spurðar af hverju þær ættleiði ekki. En Silja segir það dýrt ferli og að samkynja pör fái sjaldnast að ættleiða erlendis frá.

„Ég fékk athugasemdir eins og „þessu var bara ekki ætlað að verða", „heldurðu að þú gætir hafa gert eitthvað sem olli því að þú misstir" og verst af öllu „já, leiðinlegt, en þetta var samt ekki barn, bara fóstur". Þegar þú missir fóstur þá ertu ekki bara að missa fóstur, þú ert líka að missa drauminn um barn, stóra kúlu, barnavagn og allt þetta. Þannig að fyrir þér er þetta barn, en ekki bara einhver rækja með smá hjartslátt," segir Silja.

Hún segir að fólk hafi líka verið mjög duglegt að segja henni frá öðrum konum sem höfðu misst 10 sinnum og fætt andvana börn. Þær væru margar sem hefðu lent í miklu verra.

„Mér fannst eins og ég hefði ekki leyfi til að vera svona leið," segir Silja.

Silja segir að ekkert í lífinu hafi reynst henni erfiðara en barneignarferlið og að missa tvisvar. Hún og kona hennar ákváðu þó samt sem áður í fyrra að reyna við annað barn, en árið 2015 gekk þungun upp og eiga þær eina stelpu. Það gekk þó ekki og ákváðu Silja og kona hennar að lokum í sameiningu að eignast ekki fleiri börn. Hún segir ákvörðunina hafa verið mjög erfiða, en á sama tíma mjög frelsandi.

„Það eru margir kostir við að eiga bara eitt barn. En ég þarf enn að syrgja hugmyndina um fleiri börn. Ég hefði aldrei ímyndað mér að þetta yrði svona erfitt, allt þetta ferli," segir Silja.

Hún segir að sér hafi alltaf þótt gott að tjá sig um missinn og heyra um reynslu annarra. Sérstaklega hafi hjálpað að fara á fyrirlestra og kaffihúsahittinga hjá Tilveru, samtökum um ófrjósemi.

„Mér fannst ótrúlega magnað að tala opinskátt um fósturmissi við til dæmis eldri konur. Ég hef tvisvar lent í því að kona segi mér frá missi sem hún hefur aldrei sagt frá áður, því umræðuefnið sé svo óþægilegt," segir Silja.

**Lengra viðtal má nálgast á frettabladid.is**

# LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL

FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM,
SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM

RICCARDO rafstillanlegur tungusófi

Brunstad hvíldarstóll

ISABELLA hægindasófi.
Sjá nánar á lur.is

ERMES hægindasófi. Sjá nánar á lur.is

GRACE hægindastóll

ORACOL tungusófi

JACOB stóll frá Calia Italia

RÚM • SÓFAR • HVÍLDARSTÓLAR • HEILSUKODDAR • LJÓS • HÚSGÖGN • GJAFAVÖRUR • BORÐ • SÆNGUR

## VERIÐ VELKOMIN Í HEIMSÓKN

SUÐURLANDSBRAUT 24, 108 REYKJAVÍK
Opið alla virka daga 10-18. Lau. 11-16

554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LÚR
BETRI HVÍLD

# Fósturmissir

Það að konur verði ófrískar og ali börn í samböndum sínum er hluti af lífinu og eðlilegur gangur finnst fólki flestu. Við fögnum þegar fréttir berast af því að kona sé þunguð og tilkynnt er um tilvonandi barneign alla jafna. Nýtt líf og upphaf er spennandi og því fylgja miklar breytingar á umhverfi foreldra, en ekki síður fjölskyldum þeirra sem taka iðulega virkan þátt í ferlinu og síðar uppeldi barnanna. Tilhlökkunin er mikil og væntingarnar sömuleiðis.

Það er því mikið áfall ef kona missir fóstur og því fylgir rússíbani tilfinninga allra þeirra sem hlut eiga að máli. Það skiptir vissulega máli undir hvaða kringumstæðum slíkt gerist og hvort undanfari hafi verið á slíku eða það gerist brátt. Þá ber einnig að huga að því á hvaða hluta meðgöngunnar konan er, en eitt er víst að það skilur eftir sig spor.

Meðgangan frá þungun til fæðingar er tiltölulega langt ferli eða um 40 vikur og á þessum tíma verða miklar breytingar á fóstrinu sjálfu og auðvitað líkama hinnar þunguðu. Við tölum almennt í læknisfræði um hluta meðgöngu sem er skipt í 12 vikur eða trimester. Á fyrstu 12 vikum er iðulega mesta óöryggið um það hvort þungun gangi eftir og síðari hlutar meðgöngu taldir öruggari, ef svo má segja. Fósturlát er líklega algengara en fólk gerir sér grein fyrir, en talað er um snemmbúin fósturlát sem eru á fyrstu 12 vikum og síðbúin sem eru á vikum 12-22. Eftir 22. viku er talað um andvana fæðingu.

Tölur eru eitthvað á reiki um tíðni fósturláta en talið er að allt að 15 til 20% þungana endi í fósturláti sem þýðir að það eru mörg hundruð konur á hverju ári sem missa fóstur og sumar oftar en einu sinni. Ástæðurnar er fjölmargar eins og gefur að skilja; fósturgallar, breytingar í fylgjuvef, sjúkdómar móður og svo framvegis. En í mörgum tilvikum vitum við ekki hvers vegna, og það getur skapað mikla vanlíðan og óvissu fyrir þá konu. Það er því mikilvægt að uppfræða um áhættuþætti sem geta ýtt undir fósturmissi líkt og aldur, lífsstílsþætti og aðra slíka en ekki síður að uppfræða um algengi þessa og að í fæstum tilvikum sé um að ræða eitthvað sem gerðist á meðgöngunni sjálfri sem veldur. Þannig eru minni líkur á sjálfsásökunum og vanlíðan viðkomandi sem aftur getur haft áhrif á frjósemi og vilja þeirra til að reyna að nýju.

Að eignast barn er nefnilega ekki sjálfsagður hlutur, það er mikil gjöf og blessun fyrir flesta. Sem betur fer gengur alla jafna vel og mæðravernd og eftirfylgni ljósmæðra með þunguðum konum og skipulögð nálgun á áhættuþætti þeirra þar hefur skilað mjög góðum árangri hérlendis. Opin umræða um fósturmissi og sorgarferli það sem honum fylgir er mjög nauðsynleg og mikilvægt að átta sig á því að viðbrögð eru mjög einstaklingsbundin sem og að þau tengjast í engu meðgöngulengd viðkomandi.

**Að eignast barn er nefnilega ekki sjálfsagður hlutur.**

**Teitur Guðmundsson**
læknir

Doktor.is

**Helga Finnbogadóttir**
hefur bæði fætt andvana barn og misst fóstur

## Vill að fólk viti að hún hafi gengið með tvö börn

Helga Finnbogadóttir er 39 ára gömul. Hún hefur bæði misst fóstur og fætt andvana barn. Hún á þó einn dreng sem er 18 ára í dag.

„Árið 1999 fæddi ég andvana barn í þrítugustu viku, dreng sem var tæpar fjórar merkur. Hann var jarðaður og fékk nafnið Brynjar Örn," segir Helga.

Hún segir að hún hafi svo orðið þunguð árið 2015 en það hafi reynst utanlegsfóstur sem hafi þurft að fjarlægja. Eftir aðgerðina var annar eggjastokkurinn stíflaður og óvirkur. Hún og maðurinn hennar hafa reynt að eignast barn eftir það, en það hefur gengið illa. Þau hafa farið í sex uppsetningar hjá Livio sem hafa reynt mikið á þau bæði. Aðeins ein uppsetning varð að fóstri, sem hún þó missti síðar, fyrr á þessu ári.

Helga segir að í fyrra skiptið, þegar hún var gengin 30 vikur, hafi hana ekki grunað neitt.

„Allt hafði gengið svo vel, en svo fór ég að finna seyðing, eins og túrverki, sem ágerðust," segir Helga.

Hún segir að móðir hennar hafi fylgt henni á spítalann þar sem henni var tjáð eftir skoðun að það hefði ekki fundist hjartsláttur.

„Ég fékk eðlilega sjokk og eftir það er ferlið í móðu. Sem betur fer var yndisleg ljósmóðir á staðnum sem hélt utan um okkur og útskýrði vel allt sem þá fór í gang. Ég fékk að fara heim, fara í bað og undirbúa mig fyrir gangsetningu. Fór svo á spítalann tveimur tímum seinna þar sem ég fór í gangsetningu til að fæða barnið. Eftir að ég fékk lyfjagjöf þá fékk ég fljótt hríðir. Tíu tímum seinna fæddi ég andvana dreng," segir Helga.

Hún segir að hann hafi verið tekinn um leið og hún hafi ekki fengið að sjá hann fyrr en eftir að hann var þrifinn og settur í föt.

„Ég var í hálfgerðri leiðslu þegar fæðingin var í gangi og ég var alltaf að vona að hann væri á lífi en auðvitað heldur maður alltaf í vonina. Þegar komið var með drenginn til mín, þrifinn og í fötum og ég horfði á hann í fyrsta sinn þá brá mér mikið og mér leið mjög illa, enda leit hann ekki vel út og ég vissi í raun ekki við hverju ég ætti að búast," segir Helga.

Hún segir að sér finnist gott að tala um missinn og finnst mikilvægt að fólk viti að hún hafi gengið með tvö börn. Hún hafi í bæði skiptin verið búin að segja sínum nánustu frá.

**Lengra viðtal má nálgast á frettabladid.is**

**Hrafnhildur Sverrisdóttir**
hefur misst fjórum sinnum á fyrsta þriðjungi

## Á bak við hvern missi er barn

Hrafnhildur hefur fjórum sinnum misst fóstur – í öll skiptin á fyrsta þriðjungi meðgöngu. Þegar Hrafnhildur missti í fyrsta sinn bjó hún tímabundið í Pakistan við störf og hafði farið í snemmsónar þar á áttundu viku. Þegar hún kom til Íslands tæpum þremur vikum síðar fór hún til kvensjúkdómalæknis til að tryggja að allt væri í lagi. Þar kom í ljós að hjartsláttur var ekki lengur til staðar og því um óútskýrt fósturlát að ræða. Í annað skiptið kom fósturlátið í ljós í snemmsónar en í þriðja og fjórða skiptið byrjaði að blæða.

Hrafnhildur segir að þeim Þorvaldi, manni hennar, hafi liðið hræðilega í öll þessi skipti.

„Þó að okkur hafi grunað að eitthvað væri að þá vonuðum við að sjálfsögðu að við hefðum rangt fyrir okkur og að þarna inni væri töffari sem væri bara að láta hafa dálítið fyrir sér alveg frá byrjun. En svo tekur biðin á sónarbekknum við þar sem maður liggur og bíður milli vonar og ótta með ótal hugsanir í kollinum á meðan læknirinn situr þögull með sónartækið og skoðar. Og svo kemur bomban: „Því miður þá er enginn hjartsláttur í þessu fóstri"," segir Hrafnhildur.

Hún segir að hún hafi í öll skiptin orðið verulega sorgmædd og upplifað gríðarleg vonbrigði.

„Í hvert skipti spurði ég mig að því hvort ég hefði gert eitthvað rangt. Hvort ég hefði átt að slaka meira á, vinna minna, borða hollara, ekki drekka neitt kaffi, eða þá hvort eitthvað væri líkamlega að hjá mér. Hugurinn fer á flug með alls konar mögulegar útskýringar," segir Hrafnhildur.

Á fréttablaðið.is má finna ítarlegri frásögn Hrafnhildar um hvert skipti sem hún missti og hvernig hún þurfti að berjast fyrir því að fá fóstrið rannsakað eftir að hafa misst fóstur þrisvar.

Hrafnhildur segir að í öll skiptin sem hún varð ólétt hafi hún deilt fréttunum með sínum nánustu. Hún segir að það hafi ávallt verið henni mikilvægt, því við fósturmissinn, hafi það verið sama fólkið sem stóð við hlið hennar. Hún segir að þegar samræður við annað fólk hafi leiðst inn á þessa braut þá hafi hún stundum sagt frá þeirra reynslu. Oft hafi komið í ljós að aðrir hafa sömu reynslu.

„Mér finnst styrkur í því þó ég óski engum þess að ganga í gegnum fósturmissi, hvað þá ítrekað. Fósturmissir er það algengur að mér finnst eiginlega galið að ræða hann ekki. Þetta er auðvitað mjög viðkvæmt málefni og hver og einn velur að sjálfsögðu þá leið sem hentar en ég held að opin umræða sé af hinu góða og hjálpi frekar en hitt að takast á við svona upplifun," segir Hrafnhildur.

Hrafnhildur segir að það sem henni sé minnisstæðast varðandi fósturlátin sé hvernig maður missir vonina meir og meir við hvern missi. Hrafnhildur segir að lokum að ekki megi gleyma því í umræðu um fósturmissi að á bak við hvern missi er barn. Hún og maður hennar hugsi stundum til þess að nú gætu þau átt börn sem væru orðin „þetta og þetta gömul".

**Lengra viðtal má nálgast á frettabladid.is**

## Mikilvægt að nálgast sorgina af kærleika

Anna Lísa Björnsdóttir er formaður Gleym mér ei – styrktarfélags, en félagið hefur það að markmiði að vera til staðar fyrir þá sem verða fyrir missi á meðgöngu eða stuttu eftir fæðingu.

Anna Lísa er ein af stofnendum félagsins og hefur lengi sinnt starfi þess. Hún segir að ekki sé rætt á nægilega opinskáan hátt um snemmbúinn fósturmissi.

„Ég tala auðvitað kannski of mikið um fósturmissi, og missi á meðgöngu en svona í daglegu tali í samfélaginu er lang oftast talað um frjósemi út frá þeirri vissu að allt muni ganga vel á meðgöngu," segir Anna Lísa.

„Það er ekki tekið inn í þessa hefðbundnu umræðu að allt að þriðja hver kona muni upplifa missi á meðgöngu, langflestar fyrir tólf vikur," bætir hún við.

Því að missa fóstur getur fylgt mikil sorg og mismunandi er hvernig sorgin kemur fram á milli einstaklinga. Anna Lísa segir að engin ein viðbrögð séu rétt eða röng. Sumar konur haldi áfram strax á meðan aðrar upplifa sjálfsásökun eða mikinn missi. Stundum komi tilfinningarnar upp

Anna Lísa Björnsdóttir.

miklu seinna. „Við hjá Gleym mér ei erum með stuðningshóp á netinu fyrir fósturlát og annan fyrir andvana fæðingar, það hjálpar sumum að tala við fólk í sömu stöðu en það er líka svo mismunandi hvernig sorgin brýst út."

Margar konur kjósa að upplýsa ekki um þungun fyrr en þær eru gengnar tólf vikur. Anna Lísa segir það samfélagslega reglu að segja ekki frá. „Þetta er kannski af því að fósturlát gerist oftast á þessum vikum. Það gerir það líka að verkum að kannski er ekki „leyfilegt" að syrgja missi fyrir tólf vikur, en það getur samt verið mikil sorg. Og þá eru foreldrar, eða móðir, komin í þá stöðu að þurfa að þykjast vera í lagi en vera samt syrgjandi ein, og það getur verið einangrandi, jafnvel innan annars góðs sambands," segir Anna Lísa.

Hún segir að mikilvægt sé að gefa sorginni sem fylgir gaum og hlusta á fólkið í kringum sig. „Reyndu að nálgast þessa sorg með kærleika, kærleika til þín, kærleika til maka, kærleika til aðstandenda. Og besta ráðið sem yndisleg vinkona mín gaf mér var – það sem fólk þó segir í vanmætti sínum, segir það af kærleika."

Styrktarfélagið Gleym mér ei hefur lagt sitt af mörkum til að hjálpa þeim sem bæði missa fóstur og barn.

Til að mynda hefur félagið sett á laggirnar minningarkassa sem foreldrum andvana fæddra barna eru færðir og innihalda til að mynda handaför og fótspor andvana fæddra barna þeirra, ásamt því að standa fyrir endurbótum duftreits fyrir fóstur í kirkjugarðinum í Fossvogi. Félagið er alfarið rekið á styrkjum og segir Anna Lísa að án þeirra væri félagið ekki til.

„Ég verð því að fá að minna á að hægt er að styrkja félagið í gegn um Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka sem er eina fjáröflun félagsins," segir Anna Lísa.

# SUMARÚTSALA

Montery Highboard kr. 86.500
**NÚ KR. 56.225**

Shady lampi kr. 23.400
**NÚ KR. 14.040**

## 10% AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM

Dek 40 ljós kr. 38.700
**NÚ KR. 23.220**

ALLIR PÚÐAR
20 - 40%
AFSLÁTTUR

kr. 5.600 / 4.300
**NÚ KR. 3.360 / 2.580**

kr. 4.900
**NÚ KR.2.580**

Humi armstóll kr. 28.700
**NÚ KR. 21.525**

ALLIR KLUKKUR
-20%

Humi stóll kr. 23.900
**NÚ KR. 17.925**

**2 Í SETTI**
Daisy hliðarborð kr. 33.700
**NÚ KR. 25.275**

Pulla 70 cm kr. 43.700
**NÚ KR. 30.590**

Askov tungusófi kr.176.600
**NÚ KR. 123.620**

Motta 60x90 kr. 9.800
**NÚ KR. 5.880**

FLY Stóll kr. 66.700
**NÚ KR. 53.360**

# LÍNAN

BÆJARLIND 14 - 16 | 201 KÓPAVOGI
SÍMI 553 7100 | LINAN.IS / LINANEHF / LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA - FÖSTUDAGA 11 - 18 / LAUGARD. 11 - 16

Eyrarrós er víða í Loðmundarskriðum. Hér er horft í átt að Kækjuskörðum. MYND/TG

# Náttúruperla sem ekki varð námusvæði

**Tómas Guðbjartsson** hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

Víknaslóðir á Norðausturlandi eru tvímælalaust á meðal skemmtilegustu göngusvæða á Íslandi. Þarna eru sérlega litrík fjöll sem tróna á milli iðgrænna og djúpra fjarða. Einn af þeim er Loðmundarfjörður sem er með afskekktustu fjörðum á Íslandi þótt þangað sé hægt sé komast akandi á sumrin. Í austanátt getur verið þokusælt í Loðmundarfirði en í sunnan- og vestanátt er veðrið óvíða betra. Fyrir botni fjarðarins norðan megin eru Loðmundarskriður sem einnig kallast Stakkahlíðarhraun. Þótt útlitið geti minnt á hraun eru þetta menjar eftir eitt stærsta berghlaup sem orðið hefur á Íslandi. Undir fjallinu Skúmhattarbrík losnaði risastór bergfylla sem steyptist niður næstum 6 km leið að botni fjarðarins. Þetta voru engar smá náttúruhamfarir því flatarmál berghlaupsins er 8 km$^2$ og fallhæðin allt að 700 m. Til að sjá Loðmundarskriður vel verður að aka á jeppa eða ganga upp norðurhlíðar Loðmundarfjarðar. Þar opnast risastór fjallasalur litríkra líparítfjalla þar sem Skúmhattardalsbrík og Bungufell eru í aðalhlutverkum. Inn á milli óteljandi hóla leynast síðan tjarnir og lækir með kafloðnum bökkum. Flóran er afar fjölbreytt líkt og fuglalíf í kringum tjarnirnar. Þarna finnst perlusteinn sem er sjaldséð glerkennt afbrigði af líparíti en við hitun þenst vatnið í honum út og myndar glerfroðu sem svipar til vikurs og er stundum kallað perlít. Það er hægt að nota sem einangrunarefni í hús en í kringum 1960 var þetta svæði rannsakað með það fyrir augum að opna þarna námur og flytja út perlustein. Sem betur fer varð ekki af þeim áformum, enda Loðmundarskriður einhver helsta náttúruperla Austurlands. Ef vel er að gáð sjást þarna enn menjar af gömlum rannsóknarvegum sem vindar og vatn rembast við að útmá. Upp af Loðmundarskriðum er frábær gönguleið yfir í Borgarfjörð eystri sem kennd er við Kækjuskörð.

Óhætt er að mæla með þessari göngu en efst býðst ógleymanlegt útsýni yfir Víknaslóðir og á leiðinni niður sést í Skúmhött og sjálfan Hvítserk. Ganga úr Loðmundarfirði yfir Kækjuskörð tekur daginn en sprækt göngufólk getur hæglega gengið út Borgarfjörð eystri, alla leið að Bakkagerði.

Fókus á hjarta landsins

Í Loðmundarskriðum er aragrúi af tjörnum og mikill gróður og fuglalíf.

Tjaldað við við tjörn í Loðmundarskriðum. Skúmhattardalsbrík í baksýn.

# PIER

70%

**NAGAON** stóll.
75x79x100 cm.
~~59.900 kr.~~ Nú 17.970 kr.

50%

**SITKA** stóll. 51 x 64 x H86 cm.
~~19.990 kr.~~ Nú 9.950 kr.

50%

**ROYAL** hægindastóll. 84x86x93 cm.
~~69.900 kr.~~ Nú 34.950 kr.

# ÚTSALA
# 50-70% AFSLÁTTUR

Rýmingarsalan heldur áfram á Korputorgi valdar vörur á 70% afslætti

70%

**BAWA** draumaveiðari.
~~990 kr.~~ Nú 297 kr.

50%

**PROVENCE** bekkur. 120x41x51,5 cm.
~~29.900 kr.~~ Nú 14.950 kr.

70%

**LUNEVILLE** hliðarborð. 120x40x76,5 cm.
~~34.900 kr.~~ Nú 10.470 kr.

50%

**TRIANGLE** skemill. 50x50x25 cm.
~~9.900 kr.~~ Nú 4.990 kr.

75%

**MEDITATIO** búdda, gylltur. H15 cm.
~~1.990 kr.~~ Nú 500 kr.

50%

**CORACAO** rammi. 10x15 cm.
~~2.990 kr.~~ Nú 1.495 kr.

70%

**AMUSER** domino spil. 13,5x5x4,5 cm.
~~1.990 kr.~~ Nú 597 kr.

50%

**GLASSY** glerbox. 12x13x5,5 cm.
~~2.990 kr.~~ Nú 1.495 kr.

70%

**Hibýlailmur Bean of India**.
~~990 kr.~~ Nú 297 kr.

# www.pier.is

Gildir 25. júlí - 31. júlí. *Gildir ekki með öðrum tilboðum.

## KORPUTORG
LAU. OG SUN. 12-18 - VIRKIR DAGAR 11- 18:30

## SELFOSS
LAU. OG SUN. 10-18 - VIRKIR DAGAR 11- 18:30

FRÉTTABLAÐIÐ SKOÐUN

# Viðvörunarljós

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Hættuleg öfl eru á sveimi í íslensku þjóðfélagi og opinbera sig hvað eftir annað. Nýlegt dæmi er að skyndilega var farið að deila um rétt stjórnvalda til að taka fólk af lífi án dóms og laga. Þetta gerðist eftir að tillaga íslenskra stjórnvalda um óháða rannsókn á stöðu mannréttindamála á Filippseyjum var samþykkt í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna. Fyrirfram hefði mátt ætla að óhugsandi væri að einstaklingar hér á landi tækju sér stöðu með stjórnvöldum sem hafa þá markvissu stefnu að myrða þegna sína. En hið ótrúlega gerðist, þegar krafist var rannsóknar yfir þessum stjórnvöldum þá framkallaði það fordæmingu hjá hópi fólks hér á landi.

Ein af reglum réttarríkisins er að allir fái sanngjarna málsmeðferð og það á líka við um þá stórseku. Duterte, hinum alræmda forseta Filippseyja, hefur tekist að snarlækka glæpatíðni í landi sínu með því að láta drepa glæpamennina. Mjög skilvirk aðgerð, eins og öllum ætti að vera ljóst. Þarna er sannarlega unnið samkvæmt lögmálinu: Með illu skal illt út reka.

Það er uggvænlegt að vita af einstaklingum hér á landi sem hlaupa í vörn fyrir forseta Filippseyja og koma skilmerkilega til skila þeirri skoðun sinni að hann hafi verið að vinna þjóðþrifaverk. Þessar raddir koma úr ólíklegustu áttum, jafnvel frá einstaklingum sem ættu að vita svo miklu betur. Þegar þessar raddir enduróma svo skoðanir sínar í fjölmiðlum þá er ekki laust við að fólki bregði. Þetta er málflutningur sem er algjörlega á skjön við þau lögmál sem siðaðar þjóðir viðurkenna.

Eitthvað mikið er að þegar ráðamenn sem æða áfram og skeyta engu um lög og rétt fá hvað eftir annað uppklapp hér á landi frá fólki í valdastöðum. Duterte er ekki eina dæmið um leiðtoga sem skeytir engu um mannréttindi og mannúð. Hinn hugmyndaríki raðlygari Donald Trump er forseti Bandaríkjanna og hatast við alla minnihlutahópa. Nýlega sagði hann að hörundsdökkar þingkonur af erlendum uppruna gætu farið heim til sín ef þeim líkaði ekki staða mála í Bandaríkjunum. Þegar hann vék talinu að einni þeirra á fundi söngluðu stuðningsmenn forsetans: „Sendið hana til baka.“ Þetta var óhuggulegt augnablik múgæsingar sem Trump skapaði sjálfur. Hann og ríkisstjórn hans bera ábyrgð á því að börn flóttamanna eru aðskilin frá foreldrum sínum við landamæri Bandaríkjanna og Mexíkó og geymd í sérstökum búðum þar sem aðstæður eru skelfilegar. Enginn einstaklingur með vott af siðferðiskennd ætti að geta afsakað slíkt, en það vefst samt ekki fyrir einhverjum Íslendingum.

Einn stjórnmálaflokka landsins, Miðflokkurinn, er eins og snýttur út úr nösinni á Trump. Þar eru mini-Trumpar á svo að segja öllum póstum. Þar er þingmaður sem hleypur í vörn fyrir Duterte og þar er formaður sem nýlega gerði lítið úr hinni sænsku Gretu Thunberg í blaðagrein. Áherslur flokksins eru allar æði Trumps-legar. Hættuleg öfl eru á sveimi í íslensku þjóðfélagi og hreiðra um sig á ýmsum stöðum. Viðvörunarljósin blikka.

**Þetta er málflutningur sem er algjörlega á skjön við þau lögmál sem siðaðar þjóðir viðurkenna.**

Halldór

## Frá degi til dags

**Augu Davíðs opin**

**Nú er búið að blanda trúarbrögðum inn í hina uppörvandi umræðu um þriðja orkupakkann. Fjölmiðlamaðurinn Hallur Hallsson gerir það í skrifum sínum gegn Birni Bjarnasyni. Björn er fylgjandi en Hallur sterkt á móti.**
**Hallur, sem er mjög trúaður af skrifum sínum að dæma, segir að Björn sjái ekki ljósið og vaði því í villu og svíma. „Jesús opnar augu meðan trúlausir eru með augu gallokuð. Björn Bjarnason hefur beint spjótum sínum að velgjörðarmanni sínum, Davíð Oddssyni, vegna 3jaO. Davíð hefur aftur og aftur lýst því að hann fylgi Jesú Kristi. Augu Davíðs eru opin meðan augu Björns eru gal-lokuð.“**
**Jeminn eini.**

**Meint úthýsing**

**Annars er það að frétta af Halli að hann segir að honum hafi verið úthýst af Hrafnaþingi vegna skrifa hans um orkupakkann. „Vinir mínir á Hrafnaþingi hafa ekki beðið mig að koma aftur eftir að Ingvi Hrafn barði borðið vegna afstöðu minnar til 3jaO,“ segir Hallur.**
**Þessu hafnar sjálfur Ingvi Hrafn. „Hallur Hallsson hefur verið og verður áfram einn af okkar uppáhalds gestaráðherrum Heimastjórnarinnar og reglulega til hans leitað, á því hefur engin breyting orðið,“ segir Ingvi Hrafn.** arib@frettabladid.is

# Að dæma Akureyri í Staðarskála

Konráð Guðjónsson
hagfræðingur
Viðskiptaráðs

**Kannski ætti Ísland að stefna að lægsta verðlagi í Evrópu. Þá væri hægt að leita fyrirmynda þar sem verðlag er hvað lægst, eins og í Albaníu og Búlgaríu.**

Hvalveiðar, mannanafnanefnd og listamannalaun. Það bregst ekki frekar en að sólin rís í austri að Íslendingar þræti um þessi málefni. Undanfarin ár hefur nýtt fyrirbæri laumast inn í þennan hóp: Íslenskt verðlag.

Í vikunni voru enn einu sinni fluttar fréttir af því að Ísland væri dýrasta land í Evrópu. Að vísu byggði það á úreltum tölum frá 2018 og eftir veikingu krónunnar er Ísland fallið úr toppsætinu, en er enn fremur dýrt. Venju samkvæmt stukku fjölmiðlar til og fleiri eltu með vandlætingu á ástandinu. Hver vill ekki borga sem minnst til að fá sem mest?

Vandinn er að þessi nálgun er eins og að keyra frá Reykjavík í Staðarskála og dæma þaðan Akureyri. Með öðrum orðum, að bera einvörðungu saman verðlag milli landa segir ekki nema í besta falli hálfa söguna um hversu mikið fólk fær fyrir aurana sína. Jákvæð tengsl verðlags og kaupmáttar fólks eru nefnilega kirfilega fest bæði af fræðikenningum og gögnum. Það er því ekki tilviljun að þau lönd sem eru í augnablikinu ofar en Ísland á verðlagslistanum séu Sviss og Noregur þar sem hagsæld er hvað mest og laun hæst. Hátt verðlag, sem verðmætasköpun stendur undir, ætti því frekar að vera markmiðið.

Hátt verðlag blandast líka í umræðuna um hvort taka skuli upp evru þó að það sé máttlítil röksemd fyrir krónu eða evru. Til dæmis er verðlag á Írlandi nærri tvöfalt hærra en í Litháen þó bæði búi þau við evru. Verðlag á Íslandi er síðan nær þrefalt hærra en í Rúmeníu þó bæði ríkin noti eigin gjaldmiðil.

Kannski er þetta misskilningur. Kannski ætti Ísland að stefna að lægsta verðlagi í Evrópu. Þá væri hægt að leita fyrirmynda þar sem verðlag er hvað lægst, eins og í Albaníu og Búlgaríu. Botnsætið á lista Eurostat vermir Tyrkland. Stefnum við kannski að því að verða draumaland Erdogans með 24% stýrivexti og 60.000 króna lágmarkslaun?

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FRAMKVÆMDASTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Davíð Stefánsson david@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Að lifa lengur og lengur

Í DAG

Þorvaldur Gylfason

Reykjavík – Hagtölur um framleiðslu og tekjur duga ekki einar sér til að bregða máli á framför einstakra landa og heimsins alls. Meira þarf til. Það er að sönnu gagnleg vitneskja að framleiðsla á mann á Íslandi óx um 2,6% á ári að jafnaði frá 1960 til 2017 á móti 1,8% vexti um heiminn í heild. En þá er einnig gott að vita að íbúar heimsins lifðu að jafnaði 20 árum lengur 2017 en 1960 á móti níu ára aukningu á Íslandi. Framleiðslan óx hraðar hér heima, með rykkjum og skrykkjum, en ævirnar lengdust meira um heiminn í heild þar sem nýfætt barn gat vænzt þess að ná 52ja ára aldri 1960 og 72ja ára aldri 2017. Finnist okkur 1,8% hagvöxtur heimsins frá 1960 vera rýr úr því að Ísland óx enn hraðar getum við glaðzt yfir því hversu ævir manna hafa lengzt með árunum. Meiri tekjur, minna strit og mun lengri ævir með minnkandi barnadauða vitna um velferðarbyltingu sem einkum má þakka betri hagstjórn og heilbrigðisþjónustu í óræðum hlutföllum.

**Forsagan**

Tölur Hagstofu Íslands um ævir Íslendinga segja mikla sögu. Fyrstu 30 árin eftir að mælingar hófust, 1841-1870, var meðalævi Íslendinga um eða innan við 30 ár eins og hún hafði verið úti í heimi frá 1800 og var enn 70 árum síðar. Þessi staðreynd stendur nær okkur sem nú lifum en mörgum kynni að virðast. Þegar föðurafi minn fæddist 1867 gat hann vænzt þess að verða þrítugur, en honum tókst þó að komast yfir sjötugt. Síðan lengdust ævirnar hröðum skrefum, um fimm til sex mánuði á ári að jafnaði 1870-1960 og um tvo til þrjá mánuði á ári að jafnaði 1960-2017. Meðalævin lengist skiljanlega hægar eftir því sem árin líða.

**Þegar ævirnar styttast**

Það gerist næstum aldrei að meðalævi þjóðar styttist nema í kjölfar mikilla hamfara eða hörmunga. Þannig styttist meðalævi Bandaríkjamanna þrjú ár í röð í fyrri heimsstyrjöldinni, einkum vegna þess að styrjöldina bar upp á sama tíma og Spænsku veikina sem kostaði fleiri mannslíf í Bandaríkjunum en borgarastríðið hálfri öld áður. Meðalævin vestra styttist aftur þrjú ár í röð 2015-2017 vegna ofneyzlu verkjastillandi lyfja o.fl., einkum meðal hvítra karla með litla skólagöngu að baki. Meðævi Rússa hrapaði úr 70 árum niður í 65 ár eftir hrun Sovétríkjanna, náði ekki aftur upp í 70 ár fyrr en 2011 og er nú jöfn heimsmeðaltalinu, 72 ár.

Ísland er kafli út af fyrir sig. Meðalævi Íslendinga var komin upp í 73,4 ár 1960 og var þá næsthæst í heimi. Norðmenn einir lifðu lengur, 73,5 ár. Nýjustu tölur Alþjóðabankans sem hægt er að bera saman milli landa sýna að Ísland var 2017 komið niður í 19. sæti langlífislistans og Norðmenn í 12. sæti. Ísland er ásamt Bandaríkjunum og Bretlandi eina landið í okkar heimshluta (þá eru Rússland og önnur fv. kommúnistalönd ekki talin með) þar sem meðalævin hefur stytzt. Styttingin hér heima nam átta mánuðum úr 82,9 2012 í 82,2 2017. Í Bandaríkjunum nam styttingin fjórum mánuðum úr 78,8 2014 í 78,5 2017 og í Bretlandi einum mánuði úr 81,3 2014 í 81,2 2017.

**Misskipting skiptir máli**

Fylgnin milli ótímabærra dauðsfalla í örvæntingu og kjörfylgis Trumps forseta í Bandaríkjunum er býsna sterk eins og skozki Nóbelshagfræðingurinn Angus Deaton í Princeton-háskóla hefur rakið. Fylgnin milli fátæktar og menntunarleysis í dreifðum byggðum Englands og stuðnings kjósenda við útgöngu Breta úr ESB var með líku lagi býsna sterk í Brexit-atkvæðagreiðslunni 2016 eins og Gylfi Zoëga prófessor í Háskóla Íslands hefur lýst ásamt öðrum. Níu af tíu fátækustu svæðum Norður-Evrópu eru öll í Bretlandi, þó ekki Skotlandi. Fyrir liggja gögn sem renna stoðum undir samhengi milli ójafnaðar, örvæntingar, ótímabærra dauðsfalla og úlfúðar í stjórnmálum sem leiddu af sér bæði Brexit og Trump.

Meðalævir Íslendinga styttust einnig lítils háttar eftir að síldin hvarf 1967-1968 og eftir að verðbólgan var kveðin niður eftir 1983 en lengdust síðan aftur. Í þessu ljósi virðist nærtækt að kenna eftirköstum hrunsins um styttingu meðalævinnar 2012-2017 þrátt fyrir minnkandi barnadauða. Hrunið kann að hafa spillt ekki bara efnahag heimila og fyrirtækja heldur einnig lýðheilsu og langlífi og jafnvel mannvali á Alþingi og þá um leið traustinu sem Alþingi nýtur meðal kjósenda. Þessi hugsanlegu tengsl þarf að kanna í samhengi við hliðstæða þróun mála í Bandaríkjunum og Bretlandi.

Hagstofa Íslands birti nýlega tölur sem sýna skyndilegan fjörkipp í langlífi Íslendinga 2018. Ekki verður unnt að leggja raunhæft mat á þær tölur í samhengi við umheiminn fyrr en sambærilegar tölur um önnur lönd liggja fyrir.

# Siðblindur Sveinn Andri Sveinsson



Skúli Gunnar Sigfússon
fjárfestir

Svo háttar til að lögmaðurinn Sveinn Andri Sveinsson var í september 2016 skipaður skiptastjóri yfir þrotabúi heildsölunnar Eggerts Kristjánssonar hf. (EK), sem í dag er nefnt EK 1923 ehf. Heildsalan hafði um langt árabil átt við rekstrarvanda að etja og þrátt fyrir að ég hafi lagt fyrirtækinu til hátt á annað hundrað milljónir eftir að ég eignaðist það ásamt öðrum í kringum áramótin 2013-14, tókst því miður ekki að forða því frá rekstrarþroti.

**Einföld fasteignaviðskipti**

EK átti stóra fasteign að Skútuvogi 3, sem frá upphafi lá fyrir að yrði eign fasteignafélags í minni eigu. Gerður var kaupsamningur um eignina rétt fyrir áramótin 2013-14 og honum þinglýst með fullu samþykki þáverandi eigenda EK. Á árinu 2014 var hins vegar ákveðið að færa eignina yfir í fasteignafélagið með skiptingu EK, með þeim hætti sem lög áskilja. Í skiptingu félags felst að eigandi eins félags lætur af hendi eign til eiganda annars félags og fær eign á móti. Í þessu tilviki eignaðist fasteignafélag mitt, Sjöstjarnan ehf., Skútuvog 3 og greiddi eigendum EK annars vegar með yfirtöku skulda og hins vegar með útgáfu nýrra hlutabréfa í Sjöstjörnunni. Viðskiptin fóru fram á bókfærðu verði eignarinnar eins og tíðkast við skiptingu eigna og voru eignaskiptin láta gilda frá 1. október 2013, en heimilt er að láta slík skipti taka gildi allt að sex mánuði aftur í tímann. Á þessum tíma var EK að fullu gjaldfært, en það er lykilatriði að allar kröfur, sem urðu til fyrir þessi skipti, eru greiddar að fullu.

Endurskoðunarfyrirtækið KPMG framkvæmdi skiptinguna og gætti þess sérstaklega að skiptin færu fram á réttu verði og að fjárhagur EK yrði að minnsta kosti jafn góður eftir skiptin og fyrir. Þetta staðfestu endurskoðendur KPMG. Skiptin voru auglýst í Lögbirtingablaðinu og gafst kröfuhöfum EK kostur á að gera athugasemdir við þau, en engar athugasemdir komu fram. Faxaflóahafnir höfðu forkaupsrétt að fasteigninni en kusu að nýta hann ekki. Skútuvogur 3 fór þannig sannanlega á fullu verði inn í Sjöstjörnuna því að vitanlega hefði forkaupsréttarhafi nýtt sinn rétt ef verið væri að ráðstafa eign á undirverði, auk þess sem óháður dómkvaddur matsmaður hefur síðar staðfest að eigninni hafi verið skipt á réttu verði.

**Hótanir í stað samninga**

Víkur þá sögunni til Sveins Andra Sveinssonar skiptastjóra sem hófst þegar handa og notaði þá aðferð sem hann kann best, þ.e. að hóta og ógna. Hann hótaði að kæra mig og samstarfsfólk mitt fyrir alla mögulega og ómögulega hluti sem áttu sér enga stoð í raunveruleikanum, ef við ekki greiddum hverja einustu krónu sem honum hugkvæmdist að senda kröfu fyrir. Ekki var léð máls á samningaviðræðum þegar lögmaður minn óskaði eftir því. Sveinn Andri fylgdi hótununum svo eftir með tilhæfulausum kærum.

Samkvæmt Sveini Andra áttu allar mínar gjörðir, og samstarfsfólks míns, að hafa verið gerðar með það fyrir augum að svíkja, pretta og auðgast ólöglega. Með þessari taktík reyndi Sveinn Andri að sá efa í huga embættismanna og dómara, auk kröfuhafa búsins, því ef einhver óskrar „reykur“ nógu oft fara margir eðlilega að trúa því að einhvers staðar hljóti að vera eldur laus.

Sveinn Andri hefur stoltur sagt frá því á skiptafundum að „geimplanið“ hafi alltaf verið að hann sjálfur fengi peninginn, sem var til ráðstöfunar í búinu og notaði hann til að „ná í meiri aur“ og fara svo í „Stóra fasteignamálið“. „Meiri aurinn“ auk peninganna sem til voru í búinu, voru alls 117 milljónir. Allt þetta fé hefur Sveinn Andri nú ryksugað úr búinu.

„Stóra fasteignamálið“ snýst um hvort Sveinn Andri geti f.h. þrotabúsins krafið félag mitt um fulla greiðslu samkvæmt kaupsamningi fyrir sömu fasteign og búið er að greiða fyrir með skiptingunni, sem rakin er að framan. Kaupsamningnum var ekki ætlað að hafa gildi, enda var búið að færa fasteignina yfir og greiða fyrir hana með skiptingunni. Þrátt fyrir þetta leitar Sveinn Andri atbeina dómstóla til að neyða mig til að greiða tvisvar fyrir sömu fasteignina – og það enga smáfasteign, heldur fasteign upp á um hálfan milljarð króna. Með öðrum orðum var það ætlun Sveins Andra frá byrjun að höfða mál vegna kaupsamnings sem hafði ekkert gildi og fá mig til að greiða aftur fyrir fasteign sem ég hafði þegar greitt að fullu.

**Vill fá greitt tvisvar fyrir sömu eignina**

Til að einfalda málið má líkja þessu við að þú, lesandi góður, hefðir keypt nýja íbúð á 50 milljónir af verktaka og skrifað undir kaupsamning um að greitt yrði fyrir hana með peningum. Nokkrum dögum síðar hefðir þú hins vegar komist að samkomulagi við verktakann um að í stað peninga myndir þú greiða fyrir íbúðina með annarri íbúð sem væri jafnverðmæt. Svo hefði verið gengið frá kaupunum á löglegan hátt miðað við þessi umsömdu skipti á íbúðum. Þú hefðir engar áhyggjur haft af gamla samningnum, þar sem gengið var frá kaupunum á umræddri íbúð á annan hátt. Hins vegar hefði viljað svo illa til nokkrum árum seinna að verktakinn sem seldi þér íbúðina verður gjaldþrota. Skipaður er skiptastjóri sem lætur ekki smámuni eins og siðsemi og velsæmi flækjast fyrir sér. Þessi skiptastjóri finnur gamla kaupsamninginn um eignina og þrátt fyrir að hann sjái að eignin hafi verið seld í skiptum fyrir aðra íbúð, ákveður hann að fara í dómsmál og krefjast þess að þú borgir aftur 50 milljónir fyrir íbúðina og það með dráttarvöxtum nokkur ár aftur í tímann. Þannig liggur einfaldlega í þessu „Stóra fasteignamáli“ Sveins Andra Sveinssonar, nema tölurnar eru auðvitað mun hærri.

**Búinn að tæma þrotabúið í sjálfan sig**

Eins og áður var nefnt hefur Sveinn Andri aldrei léð máls á samningum heldur frekar viljað fara með öll mál fyrir dóm. Með samningum fengju kröfuhafar megnið af öllum peningunum sem næðust inn, en með því að fara í dómsmál renna þeir allir til Sveins Andra sem lögmannsþóknun. Vissulega hefur þrotabúið unnið tvö dómsmál en fjárhæðirnar sem búinu voru dæmdar voru því sem næst jafnháar og þóknun Sveins Andra hefur verið fyrir málareksturinn og heimtur búsins því engar. Lögmaður minn reyndi ítrekað að fá Svein Andra til að setjast niður og semja um þau mál sem fyrir lá að mögulega yrði rift. Sveinn Andri er ekki vitlaus maður, þótt siðblindur sé, og veit að náist samningar getur hann ekki skráð á sig vinnustundir við að reka dómsmál.

Um síðustu áramót var Sveinn Andri búinn að skrá á sig meira en 2.400 klukkustunda vinnu við búskiptin, en það er næstum eitt og hálft ár í fullri vinnu fimm daga vikunnar. Sveinn Andri rukkar rétt um 50 þúsund krónur fyrir hverja klukkustund, þannig að kostnaðurinn við eingöngu hans „vinnu“ er kominn í 120 milljónir króna. Það er meira en til var í búinu. Þóknun hans fyrir meinta vinnu við þetta eina þrotabú nam því 4,5 milljónum króna í hverjum mánuði frá því að honum var úthlutað búinu í september 2016 til ársloka 2018. Vitað er að Sveinn Andri sinnti fjölmörgum öðrum lögmannsverkefnum á sama tímabili.

Héraðsdómur Reykjavíkur féll fyrir lögfræði- og reiknibrellum Sveins Andra og felldi dóm á þann veg að bæði kaupsamningurinn og skiptasamningurinn skuli halda fullu gildi og að greiða beri samkvæmt báðum. Dómurinn færði engin rök fyrir því hvernig hvort tveggja gæti verið gilt, enda ekki hægt. Því verður ekki trúað að Landsréttur leggi blessun sína yfir slíka endaleysu.

Sveinn Andri á mikið undir í þessu máli. Hann er búinn að eyða öllum peningunum, sem til voru í þrotabúi EK, aðallega í sjálfan sig, en þó líka í vini sína og kunningja, sem hann hefur kallað sér til aðstoðar. Hans eina von er að Landsréttur staðfesti endaleysuna frá héraðsdómi um að greiða skuli tvisvar fyrir sömu eignina. Ella er hann ábyrgur gagnvart kröfuhöfum EK 1923 ehf., sem ekki fá svo mikið sem túskilding með gati úr búinu, því að skiptastjórinn, sem kallaður hefur verið opinberlega „endaþarmur íslenskrar lögmennsku“, er búinn að sjúga hvern einasta eyri í eigin rann.

**Athugasemd frá Sveini Andra Sveinssyni**

Landsréttur hefur fram til dagsins í dag staðfest eitt riftunarmál gegn félagi í eigu greinarhöfundar (20 mkr.) og dæmt greinarhöfund til að greiða þrotabúinu skaðabætur að fjárhæð kr. 5 mkr. Fjölskipaður dómur Héraðsdóms Reykjavíkur hefur síðan dæmt annað félag í eigu greinarhöfundar til þess að greiða búinu rúmlega 400 mkr. Það mál sætir áfrýjun. Héraðssaksóknari er síðan með í rannsókn kærur skiptastjóra á hendur greinarhöfundi. Allar hafa þessar aðgerðir verið samþykktar af kröfuhöfum. Ætli sé ekki rétt í þessu eins og svo oft að spyrja að leikslokum.

**Manchester United**
Ole Gunnar Solskjær, knattspyrnustjóri Manchester United, fór með sína gutta til Ástralíu og Singapúr meðal annars en liðið spilar við Tottenham í kvöld í Sjanghaí. Liðið er með um 50 styrktaraðila og það þarf að sinna þeim. Hér eru David de Gea og Diego Dalot að máta Maui Jim gleraugu.

# Sólarstuð og stemning

**Stórliðin á Englandi undirbúa sig nú af kappi fyrir komandi vertíð. Félögin ferðast um heiminn til að æfa og keppa örlítið nær aðdáendum sem sjá leikmennina sjaldan. Einnig sinna þau stuðningsaðilum.**

**Arsenal**
Lundúnadrengir Unai Emery hafa verið í Bandaríkjunum þar sem þeir hafa unnið bæði FC Bayern og Fiorentina frá Ítalíu. Liðið tapaði reyndar 3:2 í vítaspyrnukeppni gegn Real Madrid í stórskemmtilegum leik. Félagið fær Lyon í heimsókn áður en haldið verður á Nou Camp þann fjórða ágúst.

**Chelsea**
Frank Lampard tók við stjórnartaumunum fyrr í sumar og hefur farið með drengina til Írlands og Japans þar sem þeir unnu Barcelona 2:1. Liðið spilar við Reading á sunnudag áður en það heldur til alpanna í Austurríki.

**Liverpool**
Evrópumeistararnir spiluðu við Sporting frá Lissabon í New York í gær en þeir hafa verið að sinna bandarískum stuðningsmönnum síðustu daga. Jürgen Klopp er hér með Spurt og svarað, þar sem hann sló á létta strengi eins og honum einum er lagið og salurinn hló og gladdist.

FÓLK
FIMMTUDAGUR 25. JÚLÍ 2019
Tíska

**Nýr varningur eru kominn í sölu til að styðja við málstað Druslugöngunnar og veita þolendum kynferðisofbeldis og aðstandendum þeirra styrk. Helga Lind Mar, einn skipuleggjenda Druslugöngunnar, segir að varningurinn snúist um að geta gert líkama sinn að yfirlýsingu.** ↬6

**Mömmumatur og meira til!**

**Hlaðborð alla virka daga**
**Kynningarverð 1.990 kr.**

**Íspinni fyrir krakkana í eftirmat 6-12 ára hálft verð, frítt fyrir þau yngstu**

**Opið 11-21 virka daga**

**Matarbarinn**
Heimilismatur – Mom's food
**Laugavegi 178 – matarbarinn.is**

**Oftar en ekki klæðist Ari Bragi góðum strigaskóm.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Þarf að passa vel upp á fæturna

Ari Bragi Kárason er einstaklega fær trompetleikari og eldfljótur spretthlaupari. Hann spáir ekkert alltof mikið í tísku í dag en þegar kemur að fatavali velur hann alltaf þægindi fremur en stíl, svo lengi sem þægindin eru í stíl. ↬ 2

Ásta Eir Árnadóttir
astaeir@frettabladid.is

Innblástur í tísku kemur frá félögum hans í vinnunni og sportinu.

Það er nóg að gera hjá Ara nánast alla daga. „Vikur og mánuðir eru gríðarlega ólík og fjölbreytt. Svona eins og avókadóið sem þú kaupir úti í búð, þá er dagatalið mitt stundum hart með stórum steini eða mjúkt og leiðinlegt.“

Ari starfar sem atvinnutrompetleikari og tónlistarmaður, og ofan á það er hann afreksíþróttamaður. „Það eru algjör forréttindi að geta unnið við það sem maður elskar og planið er að halda þeirri stefnu ótrauður áfram,“ segir Ari.

„Góður vinur minn náði að skilgreina líf mitt betur en ég hef náð að gera. Hann sagði að hjá mér væri tónlistin „ying“ – hið andlega, og spretthlaupið „yang“ – hið líkamlega. Þetta jafnvægi, sjáðu til.“

## Leðurjakkinn í uppáhaldi

Þegar kemur að tísku, þá spáði hann töluvert meira í henni þegar hann var yngri. „Með árunum hefur maður náð að þróa sinn persónulega stíl.“ Fatastíllinn er orðinn fjölbreyttur hjá honum í dag. „Það er oft erfitt að vera mikið að koma fram, spila við alls konar tilefni og vera stundum í sömu fötunum en þess vegna hef ég fengið mér föt sem ég elska og hlakka til að vera í.“

Hans uppáhaldsflík er leðurjakki sem unnusta hans gaf honum. „Þetta er líklega mest notaða flíkin mín, ég nota hann bæði við fínni tilefni og hversdags. Annars þrífst ég líka mjög vel í vönduðum útivistarfötum með borgaralegu ívafi,“ segir Ari.

## Úrvalið á Íslandi gott

Allir eiga sér uppáhaldsverslanir og Ari er þar engin undantekning. „Mér finnst best að fara í H-verslun til að finna allt tengt íþróttum og hlaupum. Svo finn ég alltaf góða skó þar líka. Fínir strigaskór virka við 99% tilefna og svo þarf ég að passa vel upp á fæturna á mér og get eiginlega ekki gengið um í spariskóm eins mikið og fagið kallar á,“ útskýrir Ari.

Hann velur 66°Norður fyrir þægindi, útiveru og stíl. „Ég myndi segja að það tikki í næstum öll mín box.“ Þegar hann er að leita sér að fínni fötum þá fer hann í Húrra Reykjavík. „Ég dýrka strákana þar niður frá, alltaf með svör við vandamálum manns og halda manni mjög ferskum. Þeir hafa nokkurn veginn mótað hinn íslenska karlkyns fatastíl síðustu ár en halda í mikil gæði og frábæra þjónustu.“

## Þægindin í fyrirrúmi

Það fer mikið eftir dögum hverju Ari klæðist dagsdaglega. „Oftast er ég mjög þægilegur, þá er ég að tala um til dæmis hettupeysu, þægilegar buxur, þykka sokka og jafnvel derhúfu. Ég hef verið gripinn með derhúfu í snjókomu. Fyrir mér eru árstíðir hugarfar.“

Hann er ekki að fylgjast með neinum sérstökum og hann á sér enga eina tískufyrirmynd, en áhrifin og innblásturinn koma frá fólkinu í kringum hann. „Ég er svo heppinn að eiga mikið af bæði tónlistarvinum og íþróttavinum sem eru með geggjaðan stíl og þeir búa til einhvern stóran áhrifavald á mig sem spilar inn í þegar ég er að velja mér föt.“

Þar sem Ari er mikill íþróttamaður þá klæðist hann oft íþróttafötum. Honum finnst best að kaupa þannig klæðnað í H verslun.

NÝJAR HAUSTVÖRUR STREYMA INN

NETVERSLUN WWW.BELLADONNA.IS

Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Benedikt Bóas Hinriksson, benediktboas@frettabladid.is, s. 550 5763 | Ásta Eir Árnadóttir, astaeir@frettabladid.is, s. 550 5764 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Sólrún Freyja Sen, solrunfreyja@frettabladid.is, s. 550 5765 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

# ENN MEIRI VERÐLÆKKUN!

# 50-70% afsláttur

hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Neon og skærir litir voru allsráðandi á sýningu Saint Laurent á haust- og vetrartískunni. Fyrirsæturnar voru margar með fylgihluti sem lýstu í myrkri. Það er spurning hvort sjálflýsandi klæðnaður og fylgihlutir muni lýsa upp myrkrið á klakanum í vetur. NORDICPHOTOS/GETTY

Á sýningu Marc Jacobs á haust-tískunni 2019 mátti sjá mikið af fallegum kjólum prýddum blóma-mynstri. NORDICPHOTOS/GETTY

Mikið var um íburðarmikla kjóla og kápur á sýningu Marc Jacobs. NORDICPHOTOS/GETTY

# Blóm, blúndur og neon

Hausttískan á sýningarpöllunum úti í heimi er mjög fjölbreytt þetta árið. Allt frá formföstum drögtum, yfir í skæra neonliti og nóg af blúndum og blómum.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is

Núna þegar sumarið er í hámarki eru eflaust ekki margir farnir að velta fyrir sér haustinu. Enda liggur ekkert á og um að gera að njóta sumarblíðunnar meðan hún varir. Tískuhúsin úti í heimi eru þó flest fyrir löngu búin að kynna sínar haustlínur og það má segja að áherslurnar séu ólíkar.

Fötin sem sýnd voru á tísku-sýningum í hátískuborgunum úti í heimi voru mjög ólík. Allir sem vilja fylgja tískunni í haust ættu því að geta fundið eitthvað sem fellur að þeirra smekk. Á sýningarpöllunum má sjá fágaðan vinnuklæðnað, föt fyrir fólk sem vill skera sig úr og fyrir fólk sem vill halda sig við hefðbundinn klæðnað.

Marc Jacobs sýndi fallega blómakjóla á sýningu í New York þar sem hann kynnti haustlínu sína, einnig var mikið um íburðarmikla kjóla og kápur. Á sýningu Saint Laurent á haust- og vetrartískunni fyrir komandi vetur kenndi annarra grasa. Mikið var um skæra neonliti sem minntu þó nokkuð á 9. áratuginn. Áhorfendum sýningarinnar var sannarlega komið á óvart í sýningarlok þegar ljósin voru dempuð verulega og inn á sýningarpallana gengu fyrirsætur í sjálflýsandi kjólum, á appelsínugulum pinnahælum, í skærgrænum fjaðrakápum. Fyrirsæturnar voru gjarnan með fylgihluti í stíl eins og belti, töskur og sólgleraugu.

Fyrirsæta í jakkafötum með slaufu og í blúnduskyrtu þegar haustlína Alexandre Vauthier var kynnt í París.

Þessi skærgræni jakki er eflaust hlýr í vetur. Hann er líka praktískur að því leyti að notandinn þarf eflaust ekki endurskinsmerki í skammdeginu.



Mikið var um jakkaföt og dragtir á tískupöllunum í vor þegar hausttískan var sýnd. Hér er fyrirsæta í stílhreinum jakkafötum eftir Proenze Schouler á sýningu í New York í vor.

**Essential:***
**Verð frá: 443.600.-**
**Stillanlegt rúm frá: 676.000.-**

Með Auping rúmi byrjið þið daginn vel hvíld og full af orku

- **125 ára þekking**
- **Umhverfisvæn rúm “Cradle to cradle”**
- **Gæði, góð hönnun og framúrskarandi nýsköpun**

auping *with love*

Skeifan 6 / Harpa / Kringlan /Laugavegur 70 / www.epal.is

epal

***Aukahlutir s.s. gafl og náttborð eru ekki innifaldir í verði.**

Fólk úr öllum samfélagshópum hefur tileinkað sér varning Druslugöngunnar.

Í ár eru skilaboð varningsins einföld og eiga að minna fólk á að styðja þolendur kynferðisofbeldis.

Varningurinn er til sölu á öllum viðburðum Druslugöngunnar í vikunni.

# Gera líkamann að yfirlýsingu

## Nýir bolir og töskur frá skipuleggjendum Druslugöngunnar í ár voru sett í sölu á þriðjudaginn var. Í ár er varningurinn einfaldlega með druslulógóinu og skýrum skilaboðum um málstað göngunnar.

Sólrún Freyja Sen
solrunfreyja@frettabladid.is

Það stendur líka enn til boða að kaupa varning frá því í fyrra. Tilgangurinn með varningnum er að styðja málstað Druslugöngunnar og veita þolendum kynferðisofbeldis og aðstandendum þeirra styrk. Helga Lind Mar, einn skipuleggjenda Druslugöngunnar, segir að varningurinn snúist um að geta gert líkama sinn að yfirlýsingu.

„Manni getur kannski fundist það vera skrýtin nálgun á málstaðinn að selja einhverja boli með lógói eða setningu. En það að klæðast orðunum sem mann langar til að segja, sama hvort maður er þolandi eða aðstandandi, gerir það auðveldara að segja eitthvað. Það er auðveldara að fara í bol með áletruninni „ég er ekki lygari“ heldur en að standa upp á hverjum einasta degi og segja „ég er ekki lygari“.

Tilgangurinn með varningnum er að styðja við málstað Druslugöngunnar og veita styrk til þolenda. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Sækja styrk í fötin

Helga tekur eftir að margir þolendur kynferðisofbeldis sækja styrk í að klæðast fötum Druslugöngunnar og að sjá aðra í fötunum. Með því að gera klæðnaðinn vinsælan getur það líka hjálpað til við að setja ákveðin mál á dagskrá. Helga segir að varningurinn geti stuðlað að því að umræðan haldi áfram á milli Druslugangna þar sem fólk getur auðvitað klæðst bolunum og notað töskurnar allan ársins hring. Varningurinn hefur alltaf selst vel að sögn Helgu, sem segir jafnframt að hún sjái kaupendur úr öllum samfélagshópum.

„Samt hefur mér oft fundist að ákveðnir hópar leggi of mikla áherslu á klæðnaðinn.“ Miðað við spenninginn sem myndast fyrir varningi Druslugöngunnar mætti halda að tískumerki væri að gefa út nýja línu að sögn Helgu. „Druslugangan á ekki að vera tískumerki. Varningurinn á ekki að taka pláss frá málstaðnum heldur að styðja við hann.“

Það að klæðast bolunum eða nota töskurnar kallar Helga míní-aktívisma. Það getur gert gott fyrir einstakling, sem burðast með óæskilega skömm vegna kynferðisofbeldis, að sjá einhvern klæðast flík sem sýnir að viðkomandi er með honum í liði. „Það er mjög fallegur míní-aktívismi.“

### Hannyrðapönk í krosssaumi

Í dag verður haldin hannyrðavinnustofa með Sigrúnu Bragadóttur sem er þekkt á Twitter fyrir myllumerkið #bataferlisigrúnar. Undir því merki hefur Sigrún deilt saumuðum yfirlýsingum sem fjalla um eigin bata eftir kynferðisofbeldi. Meðal annars notar Sigrún krosssaum í því ferli. Eftir Klaustursmálið saumaði Sigrún út „húrrandi klikkuð kunta“, orð sem Bergþór Ólason, þingmaður Miðflokksins, lét falla um Ingu Sæland og gaf Ingu að gjöf. „Hún er svona hannyrðapönkari,“ segir Helga. „Hún er með aktívisma í gegnum hannyrðir og er mikill töffari.“

Tilgangurinn með hannyrðavinnustofunni er að kenna fólki að sauma út yfirlýsingar á boli eða annan fatnað. Í ár leggja skipuleggjendur Druslugöngunnar áherslu á endurnotkun og hvetja fólk til að sauma út eða skrifa á gamla boli orð sem það vill koma á framfæri.

„Við höfum alltaf verið með lykilsetningar eins og „ég er ekki drusla“ og „ég er ekki lygari“, en við viljum hvetja fólk til að koma með sína eigin boli og skrifa á þá sjálft. Við erum líka öll með mismunandi hluti sem við viljum segja. En ef fólk finnur það ekki hjá sér og veit ekki hvað það vill segja, þá verðum við með helling af bolum með druslulógóinu.“

Megininntak Druslugöngunnar er að minna á að kynferðisofbeldi á aldrei rétt á sér. MYNDIR/EVA SIGURÐARDÓTTIR

# Smáauglýsingar

**550 5055**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI

TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 219.900,-

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

### Bílar til sölu

**VOLVO XC V70 TIL SÖLU.**
Volvo V70 station. Árgerð 2000. Mjög góður bíll. Vel viðhaldið. Smurbók frá upphafi. Skoðaður 2020 án athugasemda. Sjálfskiptur og með dráttarkrók. Fallegur bíll með góða aksturseiginleika og þægileg leðursæti. Upp. í síma 893 7719 og 698 7563


Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU
SAFT


### Fjórhjól

**BENSÍNSVESPA**
Fyrir 13 ára og eldri.
12 tommu felgur, EURO-4
minni eyðsla, minni mengum!
**Kr. 229.900,-**
NITRO
Nitró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

### Hjólhýsi

Til sölu Kip-4,20 hjólhýsi árg '90. Ný innflutt og vel með farið. Fortjald-innbyggt salerni og innbú fylgir, verð 800 þús, frekari upplýsingar í síma 699-4329

### Bátar

**SKEMMTIBÁTUR TIL SÖLU.**
Glæsilegur skemmtibátur, Skilsö 33 árg. 2000. Svefnpláss fyrir 4-6. Vél, volvo penta D6 370 hp árg. 2009. Góð tæki, bátur í topp standi. Uppl. S: 893 6109 kollioggreta@simnet.is

## Þjónusta

### Pípulagnir

Pípulagnaþjónustan oje 780-3939. Allt almennt viðhald og breytingar. Dren, frárennsli.

Pípulagningarmeistari. Getur bætt við sig verkefnum smáum sem stórum. Vanir menn. Sími: 820-9396

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Erum tvær konur sem tökum að okkur þrif í heimahúsum.Erum með góð meðmæli. Ef þú vilt panta hjá okkur þrif eða fá nánari upplýsingar þá sendu okkur línu á sistershow8@hotmail.com eða í s: 615-1635.

### Garðyrkja

Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Sláttur, klippingar og ofl.
Halldór garðyrkjumaður.
S: 698 1215

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsnæði

### Atvinnuhúsnæði

**FRÍSTUNDABIL.**
TIL LEIGU EÐA SÖLU 50 m2 bil. Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m.
Lager eða geymsla.
Leiga: 99 þús. Facebook: Steinhella 14. Sími: 661-6800

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

## Atvinna

### Atvinna í boði

KvikkFix
Hvaleyrarbraut 4-6 - Hafnarfjörður - S: 575-1500

Viljum ráða bifvélavirkja eða menn vana bílaþjónustu. Aðeins vanir menn koma til greina. Góð laun. Áhugasamir sendi umsókn á hinrik@nrg.is

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**



Mjög gott eintak af Volvo 9500 nýskráð 04.2012 ekinn aðeins 125 þús km. Farþegafjöldi 51+1+1 vel búin með kæli, afþreyingarkerfi,WC og þráðlausu hljóðkerfi.

**Verð.18,9 millj + VSK**
**Upplýsingar í síma 892-1559**

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055


EYJALIND
Gúmmíbelti
- Fyrir smágröfur
Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Göngubraut: 69.500,-
Hámarks þyngd notanda: 110 kg.
8 prógröm.
Hátalarar og MP3 fyrir gsm síma.
Hámarks hraði 14 km/klst.
Stærð brautar: 42x115 sm.
Afgreitt alla daga. Uppl. í síma 661-1902.
Bíldshöfða 16, Rvk.
ÞREKTÆKI

Ferðaþjónustuhús
Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.
Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða
www.reisum.is

viftur.is
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
ÍSHÚSIÐ
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Snyrti & Nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 - 210 Garðabæ
► Andlitsbað, litun og plokkun
► Tilboð 9.500.-
► Meðferð tekur 60 mín
Verið hjartanlega velkomin.
Tímapantanir í s. 789 3031 • snyrtiognuddstofansmart@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Geymsluskúrar /gestahús til sölu
• Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
• Veggjagrind út 45x95 timbri.
• Pappi og bárustál á þaki.
• Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
• Skúrar sem þola veður og vinda.
Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is


Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

## Fasteignir


EIGNAMIÐLUN

GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090

**FLÓKAGATA 5, 220 HAFNARFJÖRÐUR**

155,8 fm falleg og vel skipulögð miðhæð með sérinngangi í þríbýlishúsi ásamt bílskúr. Stutt göngufæri í þjónustu og menningu miðbæjarins. Þá er örstutt í gönguleiðir í fallegri náttúru **V. 55,9 m**

**Opið hús fimmtudaginn 25. júli milli kl. 17:30 og 18:00**

**Nánari uppl. Hrafnhildur Björk Baldursdóttir s. 862 1110, hrafnhildur@eignamidlun.is**


## Tilkynningar

### SKIPULAGSBREYTING

Á fundi skipulags- og byggingarráðs 18.06.2019 var samþykkt að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns 2. áfanga er nær til lóðanna við Breiðhellu 2-6, í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga 123/2010.

Í breytingunum felst að: *byggingarreitir húsa við Breiðhellu 4 og 6 eru stækkaðir og kvöð er sett um sameiginlega aðkomuleið húsa nr. 2 og 4. Bætt er við einstefnu útkeyrslu af lóð við Breiðhellu 6. Mænishæð húsa við Breiðhellu 4 og 6 verði 12,5m í stað 8,5m. Bindandi byggingarlína húsa er felld niður. Að öðru leyti gilda áður samþykktir skilmálar skipulagsins.*

Tillögurnar verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu að Norðurhellu 2, frá 25. 7. - 5.9.2019. Hægt er að skoða tillögurnar á www.hafnarfjordur.is. Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 5. september 2019.

Umhverfis- og skipulagsþjónusta.

HAFNARFJÖRÐUR 585 5500 hafnarfjordur.is




Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum ráðningarstofa

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_

capacent.is

Ritarar, gjaldkerar, þjónustufulltrúar

hagvangur.is

HAGVANGUR

# Öðruvísi heimilisvinir

Pottaplöntur gæða heimilið ekki aðeins fegurð og grænu lífi – margar þeirra eru einnig þeim góða eiginleika gæddar að hreinsa og bæta andrúmsloftið innandyra. Úrvalið af pottaplöntum hefur sjaldan verið jafn glæsilegt. Komdu og finndu þér sígrænan heimilisvin sem gleður augað, skringilegan þykkblöðung sem silast áfram eða brögðóttan kaktus sem blómstrar þegar þú átt síst von á. Það má alltaf á sig blómum bæta, já eða plöntum!

**Pottaplanta**, aloe vera **950,-**
**NYPON** blómapottur
Ø12cm **250,-**

**INGEFÄRA** blómapottar með undirskál
Ø12cm **395,-/settið**
Ø15cm **695,-/settið**

**1.790,-**
**Pottaplanta**
Peningablóm

**ÚTSALA**
**KAFFEBÖNA** blómapottur
Ø12cm **495,-** ~~695,-~~



**Pottaplöntur**
Orkídea með einum stilk
Ýmsir litir
**1.490,-/stk.**

**MUSKOT**
blómapottur
Ø24cm
**1.490,-**

**Pottaplanta**
Gullbrandsdreki
með tveimur stofnum
H130cm **3.990,-**

**Pottaplanta**
Bananaplanta
**2.990,-**

**NYPON**
blómapottur
Ø24cm
**1.490,-**

**1.490,-/stk.**
**Pottaplöntur** kaktus
Ýmsar tegundir. H20cm

**NÝTT**
**Pottaplanta**
Kaffiplanta **995,-**

**GRADVIS** blómapottur
Ø12cm **595,-**

**NÝTT**
**Pottaplöntur**
þykkblöðungar
Ýmsar tegundir H17cm
**1.990,-/stk.**

**Planta**
Lukkubambus
**595,-**

**NÝTT**
**Pottaplanta**
Purpurastjarna
ýmsir litir
**1.290,-**

**SMULGUBBE**
blómapottur
með undirskál
Ø15cm
**995,-/settið**

**4.990,-**
**Pottaplanta**
Gullpálmi
H120cm

**UPPVAKTA**
blómapottur
Ø12cm **595,-**

**Pottaplanta**
Friðarlilja
Ø12cm **695,-**

**PERSILLADE**
blómapottur
Ø12cm **495,-**

**1.490,-**
**Pottaplanta** Clusia

**Pottaplöntur**
kaktus. Ýmsar tegundir
H35cm **2.990,-/stk.**

**Pottaplöntur** dvergtré í potti
H40cm **3.990,-/stk.**

**ÚTSALA**
**RÅGKORN**
blómapottur
Ø24cm **2.490,-**
~~2.990,-~~

© Inter IKEA Systems B.V. 2019

**Verslun opin 11-21 alla daga** - Veitingasvið opið 9:00-20:30 - **IKEA.is**

FRÉTTABLAÐIÐ

# TÍMAMÓT

25. JÚLÍ 2019 FIMMTUDAGUR

Höfundurinn Stefán Aðalsteinsson en hann lést 1975.

## Eyfirðingar, sex binda stórvirki

Sögufélag Eyfirðinga gaf út nýverið verkið Eyfirðingar framan Glerár og Varðgjár. Jarða- og ábúendatal. Frá elstu heimildum til ársloka 2000.



Eyfirðingar framan Glerár og Varðgjár er mikið verk. Í sex bindum eða 2.377 blaðsíðum er rakið ábúendatal jarða aftur á landnámsöld, slitrótt reyndar og ekki allra, en samfellt frá árinu 1703.

Jón Hjaltason, formaður Sögufélags Eyfirðinga, segir að útgáfan eigi sér langan aðdraganda. „Höfundurinn, Stefán Aðalsteinsson, lagði drög að verkinu um 1950 en varð bráðkvaddur í janúar 1975. Þá vantaði talsvert upp á ábúendatalið. Það var síðan árið 2002 sem ritnefnd Sögufélagsins tók að sér að ljúka verki Stefáns," segir Jón.

Hann segir Birgi Þórðarson á Öngulsstöðum hafa veitt starfinu forystu og haft sér til fulltingis Kristján Sigfússon á Ytra-Hóli, Bernharð Haraldsson og Hauk Ágústsson. Bernharð hafði þá nýlega hætt störfum sem skólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri en Haukur sem kennslustjóri í fjarkennslu við sama skóla.

„Í verkinu segir Stefán meðal annars sögur af ábúendum – jafnvel kjaftasögur. Hann er þó stundum hikandi við að birta lýsingar presta á sóknarbörnum og veltir fyrir sér fjöllyndi eyfirskra bænda. Stefán hefur bersýnilega dvalið lengi á Þjóðskjalasafni og Landsbókasafni til að viða að sér fróðleik, líklega daga og nætur, þó það þekkist ekki lengur." Jón hikar ögn en segir svo: „Já, ég hlýt að segja þetta því að fróðleikurinn sem Stefán hefur grafið upp er slíkur að ég get ómögulega skilið hvernig hann fann þetta allt saman og hef þó sjálfur farið í hans spor. Eða að minnsta kosti reynt það." Að auki er í ritinu fróðleg grein ritstjórans, Birgis Þórðarsonar, um hreppa," segir Jón. Þá fylgir ritinu mannanafnaskrá sem Jóhann Ólafur Halldórsson og Katrín Úlfarsdóttir unnu.

„Sem var annar höfuðverkur og hann ekki lítill," segir Jón. „Nafnaskráin leggur undir sig heilt bindi og var ótrúlegur höfuðverkur. Að ákveða hvernig ætti að byggja hana upp var að gera mig vitskertan og hefði gert það ef Jóhann Ólafur hefði ekki komið til. Afskaplega úrræðagóður maður, enda Svarfdælingur."

